# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

144. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 21. JÚNÍ 2017


# Ógildir leyfi til fiskeldis

**Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála gerir athugasemdir við starfshætti Umhverfisstofnunar við starfsleyfisveitingu til fiskeldisfyrirtækja. Niðurstaða nefndarinnar frá í gær gæti haft talsverð áhrif.**

**STJÓRNSÝSLA** Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála felldi í gær úr gildi starfsleyfi Háafells ehf. fyrir sjókvíaeldi í innanverðu Ísafjarðardjúpi. Lögmaður kærenda telur að niðurstaðan komi til með að hafa áhrif á fleiri starfsleyfi.

Í október í fyrra veitti Umhverfisstofnun (UST) Háafelli starfsleyfi til ársframleiðslu á 6.800 tonnum af regnbogasilungi og 200 tonnum af þorski í Ísafjarðardjúpi. Hópur aðila, þar á meðal Náttúruverndarsamtök Íslands, Landssamband veiðifélaga og landeigandi í nágrenninu, kærði leyfisveitinguna.

Kærendur töldu meðal annars að UST hefði ekki uppfyllt málsmeðferðarákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum. Nefndin féllst á það og lét ekki þar við sitja heldur gerði einnig fleiri athugasemdir við feril málsins. Sett var út á framkvæmd birtingar niðurstöðu nefndarinnar og að UST hefði ekki leitað umsagnar viðeigandi heilbrigðisnefndar við útgáfu leyfisins líkt og lög kveða á um.

„Miðað við forsendur nefndarinnar er þetta tímamótaúrskurður í þessum sjókvíaeldismálum. Það eru gífurlega mörg atriði sem hún tínir til,“ segir Óttar Yngvason, einn lögmanna kærenda.

> **Vandaðir stjórnsýsluhættir tíðkast ekki hjá þessum stofnunum**
> Óttar Yngvason, lögmaður kærenda

Til að fyrirtæki geti rekið fiskeldi þurfa þau að fá starfsleyfi frá UST og rekstrarleyfi frá Matvælastofnun (MAST). Mikill vöxtur hefur verið í starfsgreininni að undanförnu en í fyrra var 15 þúsund tonnum af eldisfiski slátrað á Íslandi. Eldisfyrirtæki áætla að sú tala verði komin upp í 40 þúsund tonn árið 2020.

Óttar segir að úrskurður nefndarinnar muni koma til með að hafa umtalsverð áhrif í þessum málaflokki. Sem stendur eru rúmlega 20 þúsund tonn í starfsleyfisveitingarferli hjá UST.

„Niðurstaðan tekur á þessum eldismálum hér með. Líkt og nefndin segir stendur ekki steinn yfir steini í meðferð UST, sem þó er hátíð samanborið við MAST. Vandaðir stjórnsýsluhættir tíðkast ekki hjá þessum stofnunum,“ segir Óttar.

Frá Umhverfisstofnun fengust þau svör að hún þyrfti tíma til að lesa yfir úrskurðinn áður en hún myndi tjá sig um málið. **– jóe**




**GAMLI OG NÝI** Utanríkisráðherrar ríkja Eystrasaltsráðsins funduðu í gær í Hörpu. Fundurinn fór fram í tilefni af 25 ára afmæli ráðsins. Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra stýrði fundinum en hann hefur gegnt formennsku í ráðinu að undanförnu. Við hlið Guðlaugs á myndinni er Margot Wallström, utanríkisráðherra Svíþjóðar, en hún tók við starfi Guðlaugs í lok fundar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Ritari gaf byssur frá Bessastöðum

**STJÓRNSÝSLA** Örnólfur Thorsson forsetaritari lét af hendi tvær skammbyssur sem færðar voru embætti forsetans að gjöf árið 2011. Fyrrverandi staðarhaldari á Bessastöðum fékk þær upp í vangoldin laun.

„Á þeim tíma, sem og síðar, var embætti forseta vanbúið að taka við skotvopnum en bjó þó svo vel að umsjónarmaður fasteigna á þeim tíma hafði skotvopnaleyfi og var jafnframt traustur fyrrverandi lögreglumaður,“ segir Örnólfur í svari við fyrirspurn blaðsins. **– sa** / sjá síðu 10 og 11



## Ljósmyndarar deila um helli

**SAMFÉLAG** Hellir í Hjörleifshöfða, sem hefur verið notaður í ótal brúðkaup og er vinsælt myndefni fyrir brúðkaupsmyndir, er nú kominn í hendur bandarísks ljósmyndara, Ann Peters, sem sérhæfir sig í brúðarljósmyndum. Hefur hún sent íslenskum brúðarljósmyndurum póst þar sem hún biður þá um að virða að hún hafi einkarétt á að mynda þar. **– bb** / sjá síðu 2

## Átölur á Bónus séu án innistæðu

**VERSLUN** Finnur Árnason, forstjóri Haga, segir fullyrðingar um að Bónus hafi okrað á neytendum án innistæðu og að álagning á matvöru sé hvergi lægri. Hann er óánægður með ummæli Þórarins Ævarssonar, framkvæmdastjóra IKEA, vegna komu Costco hingað til lands og vandar formanni Neytendasamtakanna ekki kveðjurnar. Vöruverð hafi lækkað vegna styrkingar krónunnar og nýrra samninga við erlenda birgja. **– hg** /sjá Markaðinn

## Fréttablaðið í dag


**FRÉTTIR** Ferðamálastofa og Samtök ferðaþjónustu segja krónuna vandamál. 4

**SKOÐUN** Uppræturn ofbeldi gegn börnum, skrifar Heiða Björg Hilmisdóttir. 14

**SPORT** Patrekur Jóhannesson kom ungu og óreyndu liði Austurríkis á EM. 16

**LÍFIÐ** Á morgun fara bolir prýddir jákvæðum skilaboðum í sölu í verslun-inni AndreA og rennur ágóði sölunnar til Kvennaathvarfsins. 26





**PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




Suðaustan kaldi eða strekkingur, en dregur úr vindi undir kvöld. Vætusamt S- og V-lands, en úrkomulítið norðan heiða. SJÁ SÍÐU 20



**Yngvi Pétursson tók við starfi rektors árið 2001.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Arftaki Yngva ekki enn fundinn

**MENNTAMÁL** Ekki hefur verið auglýst eftir nýjum skólastjóra Menntaskólans í Reykjavík. Yngvi Pétursson, sem tók við starfi rektors árið 2001, tilkynnti á skólaslitum í lok maí að hann myndi hætta störfum.

Samkvæmt upplýsingum frá menntamálaráðuneytinu er málið í vinnslu innan ráðuneytisins og óljóst er hvenær verði auglýst eftir nýjum skólastjóra. Ef ekki verður búið að skipa nýjan skólameistara fyrir haustið þá gegnir einhver annar starfinu fyrir hann, til dæmis aðstoðarskólameistari, þar til nýr verður ráðinn. Ekki er gert ráð fyrir að það muni hafa nein áhrif á skólahald. Skólasetning verður 17. ágúst næstkomandi.

Yngvi Pétursson hafði starfað hjá skólanum frá því árið 1972 og var konrektor áður en hann varð rektor. – sg

# Fyrstu manngerðu jöklarnir



**Það þarf ekki nema 350 tonn af snjó í splunkuný manngerð íslensk ísgöng. Göngin er ekki að finna í einum af jöklum landsins heldur í frystiklefa í einum af hitaveitutönkum Perlunnar. Þar fer nú fram sýningin Undur náttúru Íslands en auk jarðganganna má þar finna eftirlíkingu af Silfru. Þetta er fyrsti áfangi opnunarinnar en fleiri náttúruundur verður þar að finna síðar. Stóra opnunin verður 1. maí að ári.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Sterk króna gerir tipp ódýrara

**GETRAUNIR** Styrking krónunnar hefur í för með sér að ódýrara er að veðja á íþróttaleiki. Röðin á Lengjunni kostar nú 11 krónur en var tæplega tvöfalt dýrari fyrir fjórum árum. Verðið er ákveðið með reglugerð dómsmálaráðherra. Árin fyrir hrun var röðin í rúmum tíu krónum en hækkaði jafnt og þétt í ráðherratíð Ögmundar Jónassonar. Hæst fór röðin í 19 krónur í upphafi árs 2013.

Í svari innanríkisráðuneytis við fyrirspurn blaðsins segir að verð raðarinnar sé ekki pólitísk ákvörðun. Sterkara gengi þýði ódýrari röð. – jóe

**19**

**krónur kostaði röðin á Lengjunni árið 2013**




# Brúðarljósmyndarar komnir í hár saman

**Einn eftirlætisstaður erlendra brúðhjóna til að láta mynda sig hér á landi er hellir við Hjörleifshöfða. Nú er hann kominn í leigu hjá amerískum ljósmyndara sem vill ekki leyfa íslenskum brúðarljósmyndurum að taka myndir þar.**

**SAMFÉLAG** Hellir í Hjörleifshöfða, sem hefur verið notaður í ótal brúðkaup og er vinsælt myndefni fyrir brúðkaupsmyndir, er nú kominn í hendur bandarísks ljósmyndara, Ann Peters, sem sérhæfir sig í ljósmyndum fyrir brúðhjón. Hefur hún sent íslenskum brúðarljósmyndurum póst þar sem hún biður þá um að virða að hún hafi einkarétt á að mynda þar.

Þórir Níels Kjartansson, framkvæmdastjóri í Vík og einn eigenda jarðarinnar Hjörleifshöfða í Mýrdalshreppi, segir fyrirtæki Peters, icelandweddingplanner.com, hafa verið með margar myndatökur í hellinum og því hafi hann ákveðið, í samráði við Katla Track, íslenskt ferðaþjónustufyrirtæki og samstarfsaðila hennar hér á landi, að leigja Peters hellinn. Þetta eru íslenskir brúðkaupsljósmyndarar ekki sáttir við.

„Það er ekkert sem segir að það megi ekki mynda annars staðar í Hjörleifshöfðalandi. Þetta fyrirtæki hennar er með hellinn á leigu og mér skilst að það sé ekkert vandamál að koma þegar þau eru ekki að nota hann, það þarf bara að biðja hana um leyfi. Ég er ekki hrifinn af að selja inn á náttúruperlur en sem landeigandi þá hugsar maður sig aðeins um ef aðrir eru farnir að gera út á landið manns sér til hagnaðar. Ég leigði hellinn til eins árs og ætla að sjá til hvernig gengur,“ segir Þórir Níels.

Ferðaþjónustufyrirtækið Pink Iceland hefur notað hellinn í fjölmargar myndatökur og brúðkaup en fær ekki lengur að nota hann. Forsvarsmenn fyrirtækisins vildu ekki tjá sig um málið. Bragi Þór Jósefsson ljósmyndari hefur notað hellinn í nokkur skipti og var einn af þeim sem fengu póstinn. „Hún er ekki að bæta neina aðstöðu þar eða neitt slíkt. Hún er bara að senda þetta á samkeppnisaðila sína því ef það á að halda eitthvert partí eða annað þá er það allt í lagi. Hún tekur fram í þessum pósti að hún hafi einkarétt á að mynda á þessum stað og það þurfi að fara í gegnum hana vilji maður nota hellinn.“

Ekki náðist í Anne Peters við vinnslu fréttarinnar.

benediktboas@365.is



**Katla Track hefur Hjörleifshöfða á leigu og er í samstarfi við bandarískan brúðkaupsljósmyndara. Þau vilja hafa vinsælan helli á svæðinu fyrir sig.**



**Þórir Níels Kjartansson, framkvæmdastjóri í Vík og einn eigenda jarðarinnar Hjörleifshöfða.**



**Brúðkaupsmyndatökur eru vinsælar við Hjörleifshöfða enda ákaflega fallegur staður.** MYND/BRAGI ÞÓR JÓSEFSSON

RANGE ROVER EVOQUE

# HÖNNUN Í FREMSTU LÍNU

LAND ROVER

ABOVE & BEYOND




Nýr Range Rover Evoque er hlaðinn hrífandi nýjungum sem fullkomna útlit þessa einstaka sportjeppa. Ný 2,0 lítra INGENIUM dísilvél Evoque er ekki einungis léttari og aflmeiri heldur nýtir hún eldsneytið að meðaltali um 17% betur og hefur að sama skapi 17% minni $CO_2$ útblástur. Við bjóðum ykkur velkomin að reynsluaka nýjum Range Rover Evoque.

**Range Rover Evoque SE**
**dísil, sjálfskiptur. Verð 6.490.000 kr.**

www.landrover.is

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Sjálfstæðismenn vilja halda mötuneytum eldri borgara opnum

**REYKJAVÍK** Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins hafa lagt fram tillögu um að þjónusta mötuneyta við eldri borgara skerðist ekki yfir sumartímann. Fyrirhuguð skerðing hefst um næstu mánaðamót.

Alls eru sextán mötuneyti í borginni sem þjónusta eldri borgara en þjónusta í helmingi þeirra er skert yfir hásumarið. Var það gert til að mæta aðhaldskröfum.

Áslaug Friðriksdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, talaði fyrir tillögunni á fundi borgarstjórnar í gær. Hún segir að þjónustan tryggi fjölbreytta og reglulega fæðu auk þess sem hún gegni afar mikilvægu félagslegu hlutverki fyrir þá sem nýta sér hana. Dæmi væru um að rask á rútínu hefði alvarlegar afleiðingar í för með sér.

„Mér finnst ástæða til þess þegar borgarsjóður stendur betur en áður að við hverfum frá skerðingu á grunnþjónustu. Þetta er grunnþjónusta sem eðlilegt er að halda úti allt árið um kring,“ sagði Áslaug á fundinum í gær.

Meirihlutinn telur eðlilegt að málið verði tekið fyrir á fundi velferðarráðs síðar í vikunni. Þá verði hægt að meta kostnað af tillögunni og hvort unnt sé að ráðast í verkið.

„Við höfum hér með tillögu um það að halda þessu opnu og munum taka afstöðu til þess,“ sagði Heiða Björg Hilmisdóttir, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar. Rétt sé að meta tillöguna í nefnd í stað þess að taka ákvörðun strax.

„Á fundinum fáum upplýsingar um kostnað og getum metið hvort senda á beiðni til borgarráðs um þá fjármuni eða hvort þeir eru til hjá sviðinu,“ sagði Heiða Björg. **– jóe**



**Áslaug Friðriksdóttir talaði fyrir málinu á fundi borgarstjórnar í gær. Málinu var vísað til velferðarráðs.** MYND/SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN

## Milljarða tilboð Kviku í Virðingu

**VIÐSKIPTI** Stjórn Kviku hefur gert kauptilboð í allt hlutafé Virðingar. Ef af kaupunum verður er stefnt að því að sameina félögin. Þetta kemur fram í tilkynningu frá stjórnum félaganna.

Kaupverð samkvæmt tilboðinu nemur 2.560 milljónum króna og verður greitt með reiðufé. Kaupin eru háð ákveðnum skilyrðum, þar á meðal samþykki hluthafa beggja félaga og samþykki eftirlitsstofnana.

Stjórn Virðingar hefur móttekið kauptilboðið og ákveðið að beina því til hluthafa félagsins. Kauptilboðið gildir til kl. 16.00 þann 30. júní næstkomandi. **– jóe**

## Ónarr, Eros, Vök, Natasja og Nala leyfð

**SAMFÉLAG** Þrjóska nýbakaðra foreldra skilaði sér í því að nafn sonar þeirra fékkst samþykkt af mannanafnanefnd. Fimm ný nöfn bættust á mannanafnaskrá í lok síðasta mánaðar en úrskurðirnir voru birtir í gær.

Í desember í fyrra barst nefndinni beiðni um að nafnið Ónarr yrði fært á mannanafnaskrá. Þeirri beiðni var hafnað með úrskurði í upphafi árs. Taldi nefndin að rithátturinn samræmdist ekki almennum ritreglum og að það hefði ekki hefðast í málið.

Foreldrar drengsins fóru fram á endurupptöku og rökstuddu beiðnina í sex liðum. Bentu þau meðal annars á að nöfnin Óttarr og Heiðar séu til og að íslenskan sé í stöðugri mótun. Nefndin hafnaði þeim rökstuðningi en þar sem nafnið kemur fyrir í Snorra-Eddu og Heimskringlu var fallist á beiðni um það.

Þá var karlmannsnafnið Eros samþykkt sem og kvenmannsnöfnin Vök og Nala. Beiðni um nafnið Natasha var hafnað en rithátturinn Natasja fékkst hins vegar samþykktur. **– jóe**

# Segjast finna fyrir því að hægist á komum ferðamanna

**Þegar evran fór í 120 krónur fóru ferðamenn að halda veskinu þéttar að sér og afbóka ferðir til Íslands. Forstöðumaður Ferðamálastofu segir að svo virðist sem sársaukamörkin hafi legið við 120 króna markið. Krónan sé að koma bransanum í koll. Fyrirtæki í og við borgina eru í betri málum en á landsbyggðinni.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** Félagsmenn í Samtökum ferðaþjónustu (SAF) finna að tekið hefur að hægjast á komum ferðamanna, sérstaklega á hinum svokölluðu köldu svæðum sem eru hvað lengst frá höfuðborgarsvæðinu. Ekki er jafn mikil fækkun á svæðunum í kringum höfuðborgina og í höfuðborginni en þó eru blikur á lofti. Þegar evran fór niður fyrir 120 krónur fóru ferðamenn að halda að sér höndum og jafnvel afbóka.

Elías Bj. Gíslason, forstöðumaður Ferðamálastofu, fagstofnun atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis á sviði ferðamála, segir tilfinninguna vera um fækkun. „Tölurnar eru hins vegar ekki komnar svo það er ekki hægt að rökstyðja tilfinninguna um fækkun með tölum enn,“ segir hann.

„En þegar evran datt niður fyrir 120 krónurnar þá gerðist eitthvað. Þar virðast hafa verið sársaukamörkin í þessari styrkingu krónunnar. En við sjáum frá Isavia að það er ekki fækkun í fluginu því það er svo ódýrt að fljúga til landsins. Hins vegar er það kannski svo, þegar krónan er eins og hún er, að fólk á ekki fyrir jafn miklu. Það er krónan sem er að koma okkur í koll.“

Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri SAF, tekur undir með Elíasi og segir tilfinninguna svipaða. „Ég er ekki með staðfestar tölur en okkar félagsmenn finna fyrir því að það sé að hægjast á. Svæðin í kringum höfuðborgina og í höfuðborginni eru í skárri málum en úti á landi, en það er ljóst að afkoma fyrirtækjanna er ekki í línulegu sambandi við fjölgun ferðamanna.“



**Forstöðumaður Ferðamálastofu segir krónuna vera vandamálið í ferðaþjónustunni.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> Það er ljóst að afkoma fyrirtækjanna er ekki í línulegu sambandi við fjölgun ferðamanna.
>
> Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri Samtaka um ferðaþjónustu



Helga telur mikilvægt að ráðamenn hlusti. „Á sama tíma og gengið er að styrkjast um tugi prósenta og launakostnaður um svipað – svo ekki sé talað um ósamkeppnishæfan fjármagnskostnað – á að bæta tæplega 20 milljarða virðisaukaskattshækkun á greinina. Ferðaþjónustan er mikilvæg útflutningsatvinnugrein fyrir þjóðarbúið en hún er að tapa samkeppnishæfni sinni.“

Hún segir afar slæmt að stjórnvöld ætli að bæta þessum skatti á greinina sem sé í þrengingum. „Menn þurfa að taka höndum saman og tryggja stöðugleika og það um allt land. Þannig eykst verðmætasköpun hennar fyrir allt þjóðarbúið. En það er ekki gert með því að skattpína hana,“ segir Helga. „Við eigum stórt land og ferðaþjónustuaðilar hafa verið að byggja upp á spennandi svæðum. Þessa innviði eigum við að nýta og tryggja þannig byggðastefnu í sessi. Þessir aðilar munu fara verst út komi til skattahækkana eins og ríkisstjórnin áformar nú.“

**benediktboas@365.is**




# Vélorf

**Mikið úrval vélorfa með tvígengis- eða fjórgengismótor.**
**Einnig rafknúin orf: 220V, 18V og 36V.**




ÞÓR HF

Reykjavík: Krókháls 16, 110 Reykjavík, Sími 568-1500
Akureyri: Lónsbakka, 601 Akureyri, Sími 568-1555
Opnunartími: Opið alla virka daga frá kl 8:00 - 18:00, Lokað um helgar
Vefsíða og netverslun: www.thor.is

LISTRÆNN STJÓRNANDI

**VÍKINGUR HEIÐAR ÓLAFSSON**

# Reykjavík Midsummer Music

## 22. - 25. JÚNÍ 2017 Í HÖRPU

*„Innblásinn tónlistarflutningur á heimsmælikvarða“*
— Pianist Magazine —

*„Hástemmd fegurð, ekki af þessum heimi“*
— J.S., Fréttablaðið —

*„Algerlega ómissandi“*
— Reykjavík Grapavine —

**TRYGGIÐ YKKUR MIÐA Á HARPA.IS**
**HÁTÍÐARPASSI AÐEINS 12.900 KR. / DAGSKRÁ Á RMM.IS**

RMM 2017

GAMMA

HARPA

HGM


















# Tjón vegna kennitöluflakks hleypur á milljörðum á hverju ári

**VIÐSKIPTI** Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands kynntu í gær sameiginlegar tillögur sem er ætlað að berjast gegn kennitöluflakki. Ætla má að tjón samfélagsins vegna kennitöluflakks hlaupi á milljörðum króna á hverju ári, segir í tilkynningu.

Kennitöluflakk er að mati SA og ASÍ meinsemd í íslensku samfélagi sem er hægt að lágmarka með breytingu laga til samræmis við það sem tíðkast í nágrannalöndunum. Félögin leggja til að hægt verði að banna þeim sem verða uppvísir að kennitöluflakki að eiga og reka hlutafélög og einkahlutafélög í allt að þrjú ár.

Kennitöluflakk felur í sér að félag hættir starfsemi eftir gjaldþrot en rekstur þess heldur áfram í gegnum annað félag með nýrri



Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ

kennitölu til að komast undan einhverjum eða öllum lagalegum skuldbindingum félagsins, sem sagt greiðslu skatta og opinberra gjalda, lífeyris- og launagreiðslum.

Lagt er til að Ríkisskattstjóra verði veitt heimild til að úrskurða kennitöluflakkara í svokallað atvinnurekstrarbann að fengnum úrskurði dómstóla. Bannið myndi ekki einungis ná til skráðra stjórnenda heldur einnig til svokallaðra skuggastjórnenda. Skilyrði atvinnurekstrarbanns eru óverjandi viðskiptahættir eða rökstuddur grunur um refsiverðan verknað í tengslum við atvinnurekstur.

Það er til mikils að vinna en að mati félaganna liggur fyrir að fjárfesting í baráttu gegn kennitöluflakki skilar sér margfalt til baka. Tjónið lendir á fyrirtækjum, ríkissjóði, stéttarfélögum, lífeyrissjóðum, launafólki og neytendum. **– sg**

# Aðvaraði flugstjórann við lágflugi við brotlendingu á akstursbrautinni

**Aðstoðarflugmaður sem lifði af slysið í Hlíðarfjalli 2013 ber að hann hafi varað flugstjórann við lágflugi. Rannsóknarnefnd flugslysa segir stjórnendur hjá Mýflugi ekki hafa sætt sig við frávik frá venjubundnum verkferlum. Það stangast á við frásögn fluglæknis.**

**ÖRYGGISMÁL** Rannsóknarnefnd flugslysa segir flugstjóra sjúkraflugvélar Mýflugs hafa valdið því að vélin fórst ofan við Akureyri um verslunarmannahelgina 2013. Flugstjórinn og sjúkraflutningamaður um borð létust. Aðstoðarflugmaðurinn sem lifði slysið af kveðst hafa varað flugstjórann við hættulegu lágflugi.

Sjúkraflugvélin TF-MYX skall á braut Bílaklúbbs Akureyrar í Hlíðarfjalli mánudaginn 5. ágúst 2013. Þar fór fram kappaksturskeppni. Eins og fram kom í Fréttablaðinu var flugstjórinn gjaldkeri bílaklúbbsins. Keppnin sjálf var nefnd eftir afa aðstoðarflugmannsins. TF-MYX var að koma frá Reykjavík eftir að hafa flutt sjúkling frá Hornafirði til Reykjavíkur. Samkvæmt aðstoðarflugmanninum nefndi flugstjórinn á bakaleiðinni norður að hann vildi fljúga yfir keppnissvæðinn.

Að því er rannsóknarnefndin segir hafði flugstjórinn einu sinni áður flogið yfir akstursbrautina, þó úr gagnstæðri átt og án þeirrar kröppu beygju sem reyndin varð þennan afdrifaríka mánudag, 5. ágúst 2013. Sjúkraflutningamaður, bróðir sjúkraflutningamannsins sem lést, sagðist reyndar í samtali við Stöð 2 í janúar 2013 hafa farið í tvö slík lágflug með umræddum flugstjóra yfir akstursbrautinni.

Beygjan sem flugmaðurinn tók er hann steypti vélinni yfir var 72 gráður sem er vel yfir uppgefnum hættumörkum framleiðanda vélarinnar. Nokkru fyrr kveðst aðstoðarflugmaðurinn hafa gert athugasemdir við að flughæðin væri aðeins 800 fet og þá hafi flugstjórinn hækkað vélina um stundarsakir í 1.000 fet.

„Samkvæmt aðstoðarflugmanninum, í aðfluginu að kappakstursbrautinni, þá lýsti hann áhyggjum sínum varðandi fjölda áhorfenda á brautarsvæðinu og að hann vildi ekki fljúga lágt yfir svæðið,“ segir um vitnisburð aðstoðarflugmannsins í skýrslunni. Kom á daginn að engu munaði að vélin skylli á áhorfendum þar sem hún brotlenti og brotnaði í marga hluta sem þeyttust allt að 400 metra eftir brautinni og út af enda hennar.

> **Samkvæmt aðstoðarflugmanninum, í aðfluginu að kappakstursbrautinni, þá lýsti hann áhyggjum sínum varðandi fjölda áhorfenda á brautarsvæðinu og að hann vildi ekki fljúga lágt yfir svæðið.**
>
> Rannsóknarnefnd flugslysa

Að sögn rannsóknarnefndarinnar var það ákvörðun flugstjórans um lágflugið og framkvæmd þess sem olli slysinu. Ekkert hafi verið athugavert við flugvélina sjálfa. Í hinni kröppu beygju hafi hann brugðist rangt við með því að reyna að lyfta vélinni í stað þess að rétt hana af fyrst.

Rannsóknarnefndin segir slík frávik frá venjubundnum ferlum hafa verið talin ásættanleg hjá sumum áhafnarmeðlimum hjá Mýflugi. Það hafi ekki gilt um stjórnendur félagsins. Síðari staðhæfingin stangast reyndar á við frásögn Björns Gunnarssonar læknis sem flaug mörg sjúkraflug með Mýflugi er hann starfaði á sjúkrahúsinu á Akureyri í áratug fram til 2012.



Tveir létu lífið þegar sjúkraflugvél Mýflugs brotlenti í Hlíðarfjalli 5. ágúst 2013.

Þannig sagði Björn frá því sem dæmi í viðtali við Fréttablaðið fimm mánuðum eftir slysið að framkvæmdastjóri og einn aðaleigandi Mýflugs, Leifur Hallgrímsson, hefði tekið lágflug yfir Akureyrarflugvelli á flugdegi sem þar var haldinn hátíðlegur.

„Það loddi við fara í einhver „show off“ og í þetta skipti varð ég virkilega hræddur. Það var langt út fyrir öll þægindamörk. Leifur reif vélina upp í krappa beygju þannig að maður fékk mörg g í þyngdarkraft. Ég hélt að minn síðasti dagur væri kominn,“ sagði Björn.

Í viðtalinu kvaðst Björn jafnframt ítrekað hafa varað heilbrigðisráðuneytið og stjórnendur sjúkrahússins við vinnubrögðum Mýflugs. „En öllu var svarað út í hött og lítið gert úr öllum umkvörtunum þar sem lýst var áhyggjum af öryggismálum. Maður sá að þetta leiddi ekki til neins og á endanum hætti maður,“ sagði Björn. Undir lokin hafi reksturinn þó batnað og hann „haft heldur minni áhyggjur“.

Í yfirlýsingu frá Sigurði Bjarna Jónssyni, flugöryggisfulltrúa Mýflugs, í tilefni af útkomu skýrslu rannsóknarnefndarinnar, segir að félagið hafi gert breytingar frá því slysið varð.

gar@frettabladid.is


Skapaðu nýtt sjónarhorn

Ókeypis kynningartími
í kvöld kl. 20:00



Ármúli 11, 3. hæð
Skráning á www.dale.is

Dale Carnegie




VERÐ FRÁ:
**2.750.000** kr.
Eyðsla frá 3,2 l/100 | $CO_2$ losun frá 84 g/km

**MARGVERÐLAUNAÐUR**

Gæði Peugeot 308 heilla þig strax. Nútímaleg hönnun hans og útlit fangar athygli þína og við nánari kynni fellur maður kylliflatur fyrir smáatriðunum og notagildinu. Stílhrein og djörf útlitseinkennin, skilvirku vélarnar og framúrskarandi tæknin gera hann að bíl sem uppfyllir allar kröfur þínar og væntingar. Upplifðu hinn margverðlaunaða Peugeot 308 og þú munt sannfærast um gæði hans.

PEUGEOT 308

MOTION & EMOTION

PEUGEOT

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík**
Bíldshöfða 8
Sími 515 7000

**Brimborg Akureyri**
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

**Nýir og notaðir bílar:**
Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

# Trump aldrei verið óvinsælli



**Donald Trump**
**Bandaríkjaforseti**

**BANDARÍKIN** Stuðningur við forseta Bandaríkjanna Donald Trump mælist nú 36 prósent samkvæmt könnun CBS News og hefur aldrei verið minni. Um 57 prósent Bandaríkjamanna telja að Trump standi sig illa í embætti.

Trump er sérstaklega talinn hafa brugðist illa við því að bandaríska alríkislögreglan FBI hafi tekið ákvörðun um að rannsaka afskipti Rússa af forsetakosningunum í Bandaríkjunum sem fóru fram í nóvember síðastliðnum í landinu. Þetta er talið hafa haft verri áhrif á vinsældir hans en nokkurt annað mál, fyrstu 150 daga forsetans í embætti, þó fleiri mál erfið forsetanum hafi komið upp.

Samkvæmt könnun CBS News, sem 1.117 manns svöruðu, sögðust einungis 28 prósent svarenda vera sátt við hvernig hann hefði brugðist við rannsókninni. Rúmlega þriðjungur sagði álit sitt á Trump hafa minnkað vegna viðbragða hans við rannsókninni.

Sjálfur gefur Bandaríkjaforseti lítið fyrir rannsóknina, en hefur frekar brugðist við með því að kalla hana „nornaveiðar“. – sg

**57%**
**Bandaríkjamanna telja að Trump standi sig illa**

# Krefst afsagnar dóttur sinnar



**Jean-Marie Le Pen, stofnandi frönsku Þjóðfylkingarinnar**

**FRAKKLAND** Marine Le Pen ætti að segja af sér formennsku í frönsku Þjóðfylkingunni. Þetta sagði Jean-Marie Le Pen, stofnandi flokksins og faðir Marine, við blaðamenn í Frakklandi í gær.

„Þú ert ekki lengur gagnleg þegar þú skaðar flokkinn með stefnu þinni eða þrjósku,“ sagði hinn 89 ára Le Pen í gær.

Vísaði hann líka til svekkjandi úrslita í frönsku forseta- og þingkosningunum. Marine Le Pen tapaði í seinni umferð forsetakosninga fyrir Emmanuel Macron, fyrr á árinu.

Samband þeirra feðgina hefur ekki verið náið síðan dóttirin rak föður sinn úr flokknum árið 2015 vegna þess að hann hafði gert lítið úr helförinni. Var Jean-Marie meðal annars meinað að sækja flokksþing. - þea






# Fleiri en Mourinho sakaðir um skattsvik

Jose Mourinho er ákærður fyrir skattsvik á Spáni. Stjörnur á borð við Cristiano Ronaldo, Lionel Messi og Neymar hafa einnig komist í kast við lögin. Átak saksóknara má rekja til þess er David Beckham gekk til liðs við Real Madrid.



**Jose Mourinho, knattspyrnustjóri Manchester United, er sakaður um að hafa vanrækt að gefa upp tekjur. Hann hefur ekkert tjáð sig.** NORDICPHOTOS/AFP

**SPÁNN** Jose Mourinho, knattspyrnustjóri enska liðsins Manchester United, er sakaður um að hafa stungið 3,3 milljónum evra, andvirði 376 milljóna króna, undan skatti á Spáni á tímabilinu 2011 til 2012. Starfaði hann þá sem knattspyrnustjóri Real Madrid. Mun málið væntanlega fara fyrir rétt á næstunni, að sögn saksóknara.

BBC greindi frá því í gær að Mourinho væri sakaður um að hafa vanrækt að gefa upp tekjur vegna notkunar ímyndar hans í auglýsingum. Sjálfur hefur Mourinho ekki enn tjáð sig um málið.

En sá sérstaki, eins og Mourinho er oft kallaður, er langt frá því að vera einstakur þegar að þessu máli kemur. Undanfarin misseri hafa skærustu stjörnur spænsku deildarinnar verið sakaðar um sams konar háttsemi, jafnvel sakfelldar.

Þeirra á meðal er Lionel Messi, leikmaður Barcelona og af mörgum talinn besti leikmaður heims. Hann hlaut nýverið 21 mánaðar skilorðsbundinn fangelsisdóm fyrir skattsvik. Faðir hans, sem er jafnframt umboðsmaður hans, var líka dæmdur í skilorðsbundið fangelsi.



Samherjar hans, Javier Mascherano og Neymar hafa sömuleiðis komist í kast við lögin. Var Mascherano dæmdur í skilorðsbundið árslangt fangelsi fyrir skattsvik en Neymar sætir rannsókn fyrir félagaskipti hans til Barcelona árið 2013.

Þeir sem telja Messi ekki bestan í heimi telja flestir að Cristiano Ronaldo, leikmaður Real Madrid, sé sá besti. Í síðustu viku kom hins vegar í ljós að Ronaldo er sakaður um að hafa stungið 14,7 milljónum evra undan skatti, andvirði 1,7 milljarða króna.

BBC segir að ástæðuna fyrir aðgerðum saksóknara nú megi rekja til svokallaðrar Beckham-löggjafar sem komið var á árið 2003 þegar David Beckham gekk til liðs við Real Madrid. Var erlendum leikmönnum á Spáni þá gert að greiða helmingi minni skatt en innfæddum.

Sú lög voru hins vegar afnumin árið 2010 og í kjölfarið hafa rannsakendur komist á snoðir um aflandsfélög sem leikmenn og umboðsmenn þeirra nota til þess að komast hjá því að greiða skatt.

Fæstar knattspyrnustjörnur munu þó þurfa að sitja inni fyrir brot sín. Óskrifuð regla er á Spáni að fangelsisdómar undir tveimur árum séu skilorðsbundnir. Hins vegar er aðra sögu að segja um Ronaldo. Þrír ákæruliðir af fjórum í máli hans bera tveggja ára lágmarksrefsingu. Verði hann því dæmdur sekur fyrir fleiri en einn ákærulið gæti hann þurft að sitja inni.

thorgnyr@frettabladid.is

## Hundeltir skjólstæðingar ofurumbans



Fáir umboðsmenn knattspyrnumanna eru jafnstórtækir og umdeildir og Portúgalinn Jorge Mendes. Á meðal skjólstæðinga hans eru Cristiano Ronaldo, Ángel Di María, Falcao og hinn dularfulli Bebé.

Nú virðist sem skjólstæðingar Mendes séu sérstök skotmörk spænskra saksóknara. Hafa meðal annars Pepe, Ronaldo, Jose Mourinho, Fabio Coentrao og Falcao verið sakaðir um skattsvik. Falcao hefur sjálfur sagt Mendes aðalsprautuna á bak við skattsvikin.

Í desember síðastliðnum greindu blaðamenn Der Spiegel, El Mundo, Sunday Times og NRC frá því að þeir hefðu undir höndum skjöl sem sýndu fram á að Mendes hefði stungið milljörðum undan skatti fyrir skjólstæðinga sína. Því hefur Mendes þó neitað.






Allt fyrir gönguferðina
Vango Banshee 200
5000mm vatnsheldni
Verð 29.995,-
Hilleberg Nallo 2GT
3000mm vatnsheldni
Verð 145.995,-
Vango Pulsar 200
5000mm vatnsheldni
Verð 37.995,-
Vango Tempest 200
5000mm vatnsheldni
Verð 30.995,-
Mammut Kompakt MTI 3-season
Verð 23.995,-
Mammut Creon Pro 30L
Verð 23.995,-
Mammut Softskin 3,8
Verð 13.995,-
Mammut Aconcagua Pro ML
Verð 19.995,-
Mammut T-Trail
Verð 4.795,-
Húfur og vettlingar
í miklu úrvali
Vango Pottasett 2 manna
Verð 4.995,-
Vango Hitabrúsi 500ml
Verð 2.495,-
Mammut Trovat High GTX
Verð 34.995,-
Vango Pico XL
Verð 7.995,-
Primus Lite
Verð 17.995,-
Mammut Base Jump SO
Verð 22.995,-
MAMMUT
PRIMUS
OUTDOOR RESEARCH
HILLEBERG THE TENTMAKER
Vango
TERNUA
GREGORY
EVEREST
Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is
PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF

# Skammbyssur færðar úr eignarhaldi forsetans upp í laun



Örnólfur Thorsson forsetaritari lét af hendi tvær skammbyssur sem færðar voru embætti forsetans að gjöf árið 2011. Fyrrverandi staðarhaldari á Bessastöðum fékk þær upp í vangoldin laun.



Sveinn Arnarsson
sveinn@frettabladid.is

**STJÓRNSÝSLA** Árið 2011 kom hingað til lands sendiboði Mohammed bin Zayed Al Nahyan, krónprinsins af Abú Dabí, með skjalatösku sem innsigluð var sem diplómatapóstur. Eina erindi sendiboðans var að færa Ólafi Ragnari Grímssyni, forseta Íslands, gjöf frá Abú Dabí. Þar sem um diplómatasendingu var að ræða var ekki leitað í farangri mannsins.

Í skjalatöskunni voru tvær hálfsjálfvirkar skammbyssur með níu millimetra hlaupvídd frá Sameinuðu arabísku furstadæmunum, Caracal F að nafni. Á þessum tíma hafði Ólafur Ragnar Grímsson verið í miklum samskiptum við Abú Dabí og gerðist forseti í dómnefnd sjóðs á sviði endurnýjanlegra orkugjafa þar sem krónprinsinn er forvígismaður.

**Stífar reglur um skammbyssur**

Óheimilt er að flytja til landsins sjálfvirka eða hálfsjálfvirka skammbyssu samkvæmt embætti ríkislögreglustjóra og afar stífar reglur eru um skammbyssueign almennings. Krefst það svokallaðs D-leyfis en það leyfi er aðeins veitt einstaklingum eða skotfélögum vegna íþróttaskotfimi.

> Á þeim tíma, sem og síðar, var embætti forseta vanbúið að taka við skotvopnum en bjó þó svo vel að umsjónarmaður fasteigna á þeim tíma hafði skotvopnaleyfi og var jafnframt traustur fyrrverandi lögreglumaður
>
> Örnólfur Thorsson, forsetaritari

Forsetaembættið tók við gjöfinni og ákvað að skrá þær á fyrrverandi staðarhaldara á Bessastöðum, Júlíus Einarsson. Júlíus hafði verið lögreglumaður og handleikið skammbyssur í starfi sínu sem lögreglumaður. Vopnin voru ekki gerð óvirk með því að steypa í hlaup þeirra eða eyðileggja lásabúnaðinn. Voru þau færð í vörslu staðarhaldara sem virk skotvopn.

Júlíus deildi síðar um launagreiðslur við forsetaembættið og taldi sig hlunnfarinn um laun. Deilan fór fyrir dómstóla og vann hann málið. Áður en launadeilan fór fyrir dómstóla fór Júlíus fram á að taka vopnin til eignar fyrir vangoldin laun. Var því ákveðið af embætti forsetans að færa eignarhald vopnanna úr ríkiseigu, þar sem þau voru sannarlega gjöf til embættis forseta Íslands, og í eigu Júlíusar.

Vopnin er ekki að finna í dag í bókum embættisins um gjafir frá Abú Dabí, þrátt fyrir að hafa komið til landsins og verið veitt embættinu.

**Nokkrar gjafir frá Abú Dabí**

Örnólfur Thorsson forsetaritari segir nokkrar gjafir hafa samkvæmt skráningu borist embættinu á undanförnum áratug frá Abú Dabí. „Allmargar bækur útgefnar af Emirates Center for Strategic Studies and Research, lítil stytta af arabískum hesti og skrautmunur úr gleri. Þá voru embætti forseta færðar tvær skammbyssur frá Abú Dabí fyrir nokkrum árum eins og fram kemur í fyrirspurn Fréttablaðsins.

Samkvæmt skráningu gjafa undanfarna tvo áratugi og minni starfsmanna munu þetta vera einu skotvopnin sem embættinu hafa verið færð,“ segir Örnólfur í skriflegu svari til blaðsins. „Á þeim tíma, sem og síðar, var embætti forseta vanbúið að taka við skotvopnum en bjó þó svo vel að umsjónarmaður fasteigna á þeim tíma hafði skotvopnaleyfi og var jafnframt traustur fyrrverandi lögreglumaður,“ bætir Örnólfur við.

Örnólfur svarar því ekki hvort





**Forsetaritari segir byssurnar sem þáverandi forseti fékk að gjöf einu dæmi þess að gripir sem berast embætti forseta séu ekki varðveittir á Bessastöðum.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Færði forsetanum skammbyssur að gjöf




umrædd vopn séu enn í eigu hins opinbera eða nú í eigu fyrrverandi staðarhaldara á Bessastöðum. Hins vegar herma heimildir Fréttablaðsins að til sé afsal fyrir vopnunum sem varðveitt er hjá embætti forsetans og Júlíus, fyrrverandi staðarhaldari, eigi afrit af afsali þessu.

**Tók vopnin út af Bessastöðum**

„Þegar hann lét af störfum árið 2014 og flutti frá Bessastöðum var engin aðstaða þar til að geyma þessa gripi eða starfsmaður sem hefði heimild til að varðveita þá. Umsjónarmanninum, sem nú starfar sem lögreglumaður, var því falin áframhaldandi varðveisla þessara vopna. Þetta munu vera einu dæmi þess að gripir sem berast embætti forseta séu ekki varðveittir á Bessastöðum,“ segir Örnólfur.

Þegar Fréttablaðið óskaði frekari svara frá embættinu fengust þau svör að Örnólfur Thorsson væri farinn í tveggja vikna leyfi og því vant við látinn.



# Lagerútsala

## Vesturvör 21.–23. júní. Opið 8–18.

Skrifborðsstólar, fundastólar, staflastólar, elliheimilishúsgögn, skrifborð, möppuhillur, hilluefni og margt fleira á ótrúlegu verði.



**Flexikit skrifborðsstóll**
**Útsöluverð: 54.900 kr.**

Verð áður: 89.900 kr.
Svartur/póleraður.



**Sitti staflastóll**
**Útsöluverð: 12.900 kr.**

Verð áður: 19.875 kr.



**Sync skrifborðsstóll**
**Útsöluverð: 49.900 kr.**

Verð áður: 74.875 kr.
Svartur.



**Dealer skrifborðsstóll**
**Útsöluverð: 19.900 kr.**

Verð áður: 28.625 kr.
Svartur eða blár.

Penninn Húsgögn

5 ÁRA ÁBYRGÐ

Skeifunni 10, Reykjavík
Hafnarstræti 91-93, Akureyri
Hafnarstræti 2, Ísafirði

Sími 540 2330
husgogn@penninn.is
www.penninn.is

PenninnHusgogn

Nýttu tækifærið áður en **húsgagnalagerinn flytur.**
Komdu í **Vesturvör 29** og gerðu góð kaup
á fallegum húsgögnum.

**30–80% afsláttur**





**Eames stólar**
**Útsöluverð frá: 29.900 kr.**

Takmarkað magn.

**Ventilo skrifborðsstóll**
**Útsöluverð: 34.900 kr.**

Verð áður: 62.375 kr.
Svartur.





**Möppuhillur**
**Útsöluverð frá: 9.900 kr.**

Hilluefni: 500 kr. stykkið.
Margar stærðir og litir.

**Rafhækkanleg skrifborð.**
**Útsöluverð frá: 79.900 kr.**





FRÉTTABLAÐIÐ

# SKOÐUN

## Uppskeran



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Til hamingju með daginn,“ sagði Hallgrímur Helgason, myndlistarmaður og rithöfundur, við útskriftarathöfn Listaháskóla Íslands fyrir skömmu. „Í batnandi landi er best að lifa,“ bætti Hallgrímur við í tilefni af því að svo virðist sem íslenskt samfélag sé farið að meta listnám að verðleikum. Átta sig á gildi listnáms og listarinnar sjálfrar. Þetta er ánægjulegt en það er öllu dapurlegra til þess að hugsa að stjórnmálamennirnir hafa ekki fylgt með, langt frá því, eða eins og Hallgrímur sagði: „Er það ekki ótrúlegt að okkur hafi þó skilað alla leið hingað, að íslensk menning sé þó komin á þennan stað, þrátt fyrir að hér hafi Alþingi aldrei samþykkt menningarstefnu af neinu tagi.“

Þetta er sorglega satt hjá Hallgrími. Það er nefnilega ekki menningarstefna að vilja veg listarinnar sem mestan eða að ætla að leggja rækt við menningararfinn, hlúa að tungumálinu og þannig mætti áfram telja. Slíkt er aðeins innantómt orðagjálfur sem er engum til gagns. Engum stjórnmálamanni dettur í hug að láta duga að ætla að hlúa að sjávarútvegi, leggja rækt við ferðaþjónustu og huga að landbúnaðararfinum. Nei, auðvitað ekki, vegna þess að við kjósendur viljum vita hvað viðkomandi ætlar sér að gera og hvernig. Það er pólitík.

Aðeins viku eftir að Hallgrímur flutti sína góðu ræðu fyrir útskriftarnemana í LHÍ birtist hér í Fréttablaðinu viðtal við Gunnar B. Kvaran, listfræðing og stjórnanda Astrup Fearnley samtímalistasafnsins í Ósló. Astrup Fearnley er einkasafn, það stærsta sinnar tegundar á Norðurlöndum, og mikilvægur valkostur í fjölbreyttri listasafnaflóru Noregs. Gunnar benti á að Norðmenn væru um þessar mundir að uppskera ríkulega af menningarpólitík sem á rætur sínar að rekja til þess að fyrir 20 árum áttuðu stjórnmálamenn sig á því að menningin er burðarstólpi í samfélaginu. Ekki skraut eða tyllidagaprjál heldur burðarstólpi.

> Gunnar benti á að Norðmenn væru um þessar mundir að uppskera ríkulega af menningarpólitík sem á rætur sínar að rekja til þess að fyrir 20 árum áttuðu stjórnmálamenn sig á því að menningin er burðarstólpi í samfélaginu.

Norðmenn fóru því þá leið að fjárfesta í menningunni, einkum með því að fjárfesta í listamönnum því það er hlutverk listamanna að framleiða list og þar með menningu. Og vegna þess að það er bull að það sé gott fyrir listamenn að lepja dauðann úr skel þá bjuggu Norðmenn til eins konar borgaralaunakerfi með grunnframfærslu sem skilar því að nánast allir listamenn í Noregi eru á 50 til 100% launum. Um þessar mundir eru Norðmenn að uppskera ríkulega af þessum fjárfestingum, til að mynda með fjölda myndlistarmanna í fremstu röð á heimsvísu. Þetta er menningarpólitík.

Það er auðvelt að skrifa þessa stefnu á olíuauð Norðmanna en hið rétta er að þetta snýst um grundvallarhugsun í samfélaginu. Um sátt stjórnmálanna um að allir eigi að njóta auðsins sem skapast með auðlindum þjóðarinnar, eins og t.d. sjávarútveginum, í stað þess að þorri hagnaðarins fari á fáar hendur. Samfélag sem kemur sér saman um ákveðin grundvallargildi á borð við sanngjarna dreifingu auðs og mikilvægi innviða, allt frá velferðarkerfi til atvinnuvega og þar með talið lista og menningar, hefur alla möguleika á að verða betra. Samfélag sem fjárfestir í framtíðinni, fremur en að græðgisvæða samtímann, uppsker í framtíðinni, öllum til heilla.

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Aukaársfundur

Aukaársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna verður haldinn haldinn í dag, 21. júní kl. 9:00 á Grand Hótel Reykjavík

DAGSKRÁ FUNDARINS

» Samþykktabreytingar

Reykjavík 18. maí 2017
Stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

live.is

Lífeyrissjóður verzlunarmanna | Kringlan 7 | 103 Reykjavík | Sími 580 4000

## Halldór




## Frá degi til dags

**Sterkari staða**

**Framsóknarflokkurinn mjakast upp í skoðanakönnunum og mælist nú með 13,4 prósent hjá MMR. Flokkurinn ákvað nýlega að kosið yrði um nýja forystu næsta vetur. Sigurður Ingi Jóhannsson formaður hefur verið lítt áberandi lengi en Lilja Alfreðsdóttir varaformaður hefur aftur á móti verið í fjölmiðlum oft í viku, og nú síðast í stóru viðtali við Stundina. Það á eftir að koma í ljós hvernig flokksmenn Framsóknarflokksins túlka fylgið í skoðanakönnunum. Hvort uppleiðina megi þakka núverandi forystu, með Lilju í brúnni, eða hvort fylgið fari svo hægt upp að grípa verði inn í með öðrum leiðtoga.**

**Miðjan**

**„Frjálslynda miðjufylgið“ á bágt með að ákveða sig. Þeir sem studdu Bjarta framtíð og Viðreisn á lokametrunum fyrir kosningar virðast hafa hallað sér aftur heim til Samfylkingarinnar sem nú er með 11,3 prósent. Ásýnd flokksins er enda aðeins önnur með Loga Einarsson sem formann en hann er í raun eini þingmaður flokksins sem eftir er tekið. Samfylkingin er samt órafjarri því að vera stóri turn jafnaðarmanna eins og áður var. Þann turn á VG skuldlaust og nartar í hæla Sjálfstæðisflokksins. Þjóðin fylkir sér ýmist í hægra eða vinstra hornið en samt óttast andstæðingarnir að þeim takist að byggja brú hornanna á milli.** snaeros@frettabladid.is

## Upprætum ofbeldið



Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarfulltrúi og varaformaður Samfylkingarinnar og formaður Ofbeldisvarnarnefndar Reykjavíkur

Sífellt kemur betur og betur í ljós, hversu hræðilega algengt það er að börn séu beitt ofbeldi í okkar annars friðsæla samfélagi. Samkvæmt rannsóknum hafa 10-13% allra barna í 10. bekk grunnskóla orðið fyrir kynferðisofbeldi og í u.þ.b. 10% allra heimilisofbeldismála á höfuðborgarsvæðinu beinist ofbeldið gegn börnum. Eru þá ótalin þau óbeinu skaðlegu áhrif sem börn verða fyrir vegna heimilisofbeldis, en í um 70% tilfella eru börn á þeim heimilum, þar sem ofbeldi er beitt.

Rannsóknir hafa einnig sýnt að oftar en ekki þurfa börn sem beitt eru ofbeldi að bera harm sinn í hljóði. Allt of sjaldan er hlustað á neyðarköll barnanna og gripið inn í með viðeigandi hætti. Þannig hefur komið í ljós að barn er oft búið að reyna að segja fullorðnum frá ofbeldi sem það verður fyrir 7 – 10 sinnum áður en einhver hlustar.

Samfélag sem þannig hlúir að börnum sínum getur varla talist siðað og það hlýtur að vera forgangsmál stjórnmálanna og okkar allra að bregðast við.

> Allt of sjaldan er hlustað á neyðarköll barnanna og gripið inn í með viðeigandi hætti.

Á sameiginlegum fundi ofbeldisvarnarnefndar og borgarstjórnar Reykjavíkur, var nýverið samþykkt tillaga nefndarinnar um að innleiða verkefnið „Opinskátt um ofbeldi“ í öllum grunnskólum, leikskólum og frístundamiðstöðvum borgarinnar. Markmið verkefnisins er að tryggja að barn þurfi bara að segja einu sinni frá og að starfsmenn borgarinnar sem vinna með börnum séu þjálfaðir í að sjá merki um að barn sé beitt ofbeldi. Einnig er verkefninu ætlað að auka þekkingu barna á ofbeldi og gera þau fær um að ræða um ofbeldi opinskátt og taka afstöðu gegn því. Verkefnið „Opinskátt um ofbeldi“ hefur á liðnum árum verið þróað sem tilraunaverkefni á nokkrum starfsstöðvum borgarinnar með góðum árangri. Ljóst er að starfsfólkið sem tók þátt í verkefninu er betur í stakk búið til að takast á við það ef barn upplýsir að það hafi orðið fyrir ofbeldi og það er einnig betur í stakk búið til að greina birtingarmyndir þess. Umræðan er opnari og verkfærlar skýrari.

Með samþykkt borgarstjórnar um að innleiða verkefnið „Opinskátt um ofbeldi“ í öllum grunnskólum, leikskólum og frístundamiðstöðvum Reykjavíkurborgar, er því stigið afar mikilvægt skref í að vernda börn fyrir ofbeldi. Eitt af mörgum í átt til betra samfélags án ofbeldis.

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 21. júní 2017 | 24. tölublað | 11. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL






# Telur Bónus hafa unnið fyrstu orrustuna

Finnur Árnason, forstjóri Haga, segir umræðu um að Bónus hafi okrað á neytendum vera án innistæðu og að álagning á matvöru sé hvergi lægri. Hann er óánægður með ummæli framkvæmdastjóra IKEA vegna komu Costco og segir kaupin á Olís geta dregist fram á næsta ár. »4

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



»2

## Ísgöng metin á milljarð

Ísgöngin í Langjökli eru metin á rúmlega einn milljarð króna. Virðið var fært upp um 150 prósent í fyrra þegar ITF hagnaðist um 391 milljón króna.

»2

## Rio Tinto tapar 3,3 milljörðum

Álver Rio Tinto í Straumsvík var rekið með 28,8 milljóna dala tapi í fyrra eða sem nemur 3,3 milljörðum króna.

»8

## Boom and bust

„Krónan er orðin hættulega sterk og ef ekki finnst jafnvægi er einsætt að illa fari. Ferðamenn láta ekki bjóða sér okurverðlag til lengri tíma.“



# Eigandi Prooptik í hluthafahóp Kviku

Gunnar Henrik B. Gunnarsson, fjárfestir og eigandi gleraugnaverslunarinnar Prooptik, er kominn í hluthafahóp Kviku fjárfestingarbanka með rúmlega tveggja prósenta eignarhlut sem hann á óbeint í gegnum eignarhaldsfélagið RES II.

Gunnar keypti hlutinn af breska fjárfestinum Don McCarthy, fyrrverandi stjórnarformanni House of Fraser, en hann átti helmingshlut í fjárfestingarfélaginu Grandier, sem var með samtals sjö prósenta eignarhlut í Kviku, á móti fjárfestinum Sigurði Bollasyni. Félagið RES II hefur núna tekið yfir hlut Grandier samhliða því að McCarthy hefur losað um fjárfestingu sína í bankanum en félagið seldi einnig fyrir skemmstu átta prósenta hlut sinn í tryggingafélaginu VÍS. McCarthy hefur dregið úr fjárfestingum sínum á Íslandi vegna veikinda sem hann hefur glímt við.

Sigurður hefur á sama tíma aukið lítillega við hlut sinn í Kviku og fer núna með rúmlega fimm prósenta eignarhlut í bankanum í gegnum félagið RES II sem er í eigu hans og Gunnars. Auk þess að vera hluthafi í Kviku á Gunnar, ásamt eiginkonu sinni Lovísu Ólafsdóttur, meðal annars 9,5 prósenta hlut í verðbréfafyrirtækinu ALM Verðbréf.

Félagið Grandier eignaðist sjö prósenta hlutinn í Kviku í lok nóvember í fyrra. Á sama tíma og Sigurður og McCarthy komu inn í hluthafahóp bankans fyrir um sjö mánuðum keyptu hjónin Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir og Guðmundur Örn Þórðarson, fyrrverandi aðaleigendur Skeljungs, átta prósenta hlut í Kviku í gegnum félagið K2B fjárfestingar. Þau eiga sömuleiðis um átta prósent í VÍS og er Svanhildur Nanna stjórnarformaður félagsins.

Á árinu 2016 nam hagnaður Kviku um tveimur milljörðum og arðsemi eigin fjár var 34,7 prósent. Þá var hagnaður bankans eftir skatta á fyrsta fjórðungi þessa árs tæplega 400 milljónir, sem var talsvert umfram áætlun. Stærsti hluthafi Kviku er VÍS með um 25 prósent. Á meðal annarra helstu hluthafa bankans, fyrir utan RES II og KB2 fjárfestingar, eru Lífeyrissjóður verslunarmanna, Brimgarðar ehf., Varða Capital og fjárfestingarfélagið Sigla. **– hae**



**Gunnar á 30 prósenta hlut í félaginu RES II sem á aftur sjö prósent í Kviku.**

# Ísgöngin í Langjökli metin á milljarð króna

**Félagið sem býður upp á ferðir í ísgöngin í Langjökli er metið á rúman milljarð króna í bókum framtakssjóðsins ITF. Virði félagsins var fært upp um 150 prósent í fyrra. 391 milljónar króna hagnaður varð af rekstri sjóðsins á síðasta ári.**

Ísgöngin í Langjökli, sem notið hafa mikilla vinsælda á meðal ferðamanna undanfarin tvö ár, eru metin á rúmlega einn milljarð króna í ársreikningi framtakssjóðsins Landsbréf Icelandic Tourism Fund (ITF) fyrir síðasta ár. Bókfært virði félagsins Into the Glacier, sem býður upp á daglegar ferðir inn í þessi stærstu manngerðu ísgöng í heimi, hækkaði um 150 prósent á milli ára í bókum ITF. Sjóðurinn, sem er í eigu Icelandair Group, Landsbankans og sjö lífeyrissjóða, átti í lok síðasta árs 88,35 prósenta hlut í félaginu.

Virði eignarhlutar sjóðsins í félaginu IWE, sem stendur að hvalasýningunni Whales of Iceland á Granda, hækkaði einnig verulega í fyrra, en í lok ársins átti sjóðurinn félagið að öllu leyti. Var félagið metið á um 516 milljónir króna í lok síðasta árs samanborið við 117 milljónir í lok árs 2015.

Þá kemur fram í ársreikningnum að bókfært virði eignarhlutar sjóðsins í hestagarðinum Fákaseli í Ölfusi hafi verið afskrifað. Eins og Markaðurinn hefur greint frá var hestagarðinum lokað í febrúar vegna mikils taprekstrurs. Í lok árs 2015 var 49 prósenta hlutur sjóðsins í garðinum bókfærður á tæpar 183 milljónir króna, en í fyrra stækkaði hluturinn upp í rúm 90 prósent þegar lánum sjóðsins var breytt í hlutafé. Var bókfærða virðið síðan fært í núll í ársreikningnum, eins og áður sagði.

Alls nam hagnaður sjóðsins 391 milljón króna í fyrra, á þriðja heila rekstrarári hans, en til samanburðar varð 53 milljóna tap á rekstrinum árið 2015.

„Þetta hefur gengið ágætlega hjá okkur frá því að við fórum af stað fyrir fjórum árum,“ segir Helgi Júlíusson, framkvæmdastjóri sjóðsins, í samtali við Markaðinn. „Við höfum haft úr nægum verkefnum að moða. Það hafa komið fjölmörg tækifæri á okkar borð og við höfum, eins og eðlilegt er, valið þau verkefni sem okkur hefur litist best á og náð að byggja upp að okkar mati áhugavert og sterkt eignasafn.“

Sjóðurinn fjárfestir eingöngu í afþreyingartengdri ferðaþjónustu og hefur alls tekið þátt í tíu verkefnum. Helgi segist finna fyrir miklum áhuga til fjárfestinga í greininni. Sjóðurinn er með nokkrar fjárfestingar til skoðunar og segir Helgi ekki ólíklegt að það muni fjölga eitthvað í eignasafninu á næstunni, þrátt fyrir að sjóðurinn sé kominn á seinni hluta fjárfestingartímabils síns. **kristinningi@frettabladid.is**



**Ísgöngin í Langjökli eru stærstu manngerðu ísgöng heims sem opin eru almenningi. Framtakssjóðurinn ITF fjármagnaði verkefnið að mestu og er langstærsti hluthafinn.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Þetta hefur gengið ágætlega hjá okkur frá því að við fórum af stað fyrir fjórum árum**

Helgi Júlíusson, framkvæmdastjóri ITF.



# Kaldi hagnast um 45 milljónir

Bruggsmiðjan Kaldi á Árssskógssandi í Eyjafirði var rekin með 45 milljón króna hagnaði í fyrra samanborið við 27 milljónir árið 2015. Tekjur bjórframleiðandans jukust um 11,4 prósent milli ára og námu 436 milljónum, en eigendur hans opnuðu í byrjun júní bjórböð og veitingastað við hlið brugghússins.

Bruggsmiðjan var stofnuð í desember 2005 og framleiðir bjórinn Kalda. Fyrirtækið er að stærstum hluta í eigu Birgis Inga Guðmundssonar og hjónanna Agnesar Önnu Sigurðardóttur, framkvæmdastjóra brugghússins, og Ólafs Þrastar Ólafssonar. Rekstur bjórbaðanna er í öðru einkahlutafélagi í eigu hluthafa Kalda sem framleiddi í fyrra um 680 þúsund lítra af bjór.

„Miðað við stærðina á bruggsmiðjunni þá getum við ekki framleitt meira og keyrðum allt síðasta ár í botni líkt og árið áður,“ segir Agnes Anna í samtali við Markaðinn.

„Við erum að læra á allt saman en við opnuðum einnig veitingastað og þetta tekur allt smá tíma en við erum gríðarlega sátt og erum að fá góðar viðtökur. Þeir sem koma eru í skýjunum. Við náðum að opna í byrjun júní sem var ædislegt og það er svo gaman að þetta eru fyrstu bjórböðin á Norðurlöndunum og því mjög spennandi.“ **– hg**

# Tapaði 3,3 milljörðum í Straumsvík

Álver Rio Tinto í Straumsvík var rekið með 28,8 milljóna dala tapi í fyrra eða sem nemur 3,3 milljörðum króna miðað við gengið í árslok 2016. Tekjur álversins námu þá 387 milljónum Bandaríkjadala og drógust saman um 69 milljónir dala milli ára eða fimmtán prósent.

Samkvæmt nýbirtum ársreikningi Rio Tinto á Íslandi hf. einkenndu krefjandi markaðsaðstæður síðastliðið ár. Álverð var lágt stærstan hluta ársins, eins og kom fram í viðtali við Ragnar Guðmundsson, forstjóra Norðuráls, í Markaðnum í byrjun júní þegar greint var frá verstu afkomu fyrirtækisins frá stofnun eða tapi upp á 21,2 milljónir dala, og einnig hafði verkfall hafnarverkmanna í Straumsvík umtalsverð áhrif á reksturinn. Þá var framleiðsla einnig nokkrum takmörkunum háð vegna erfiðleika í kerskálum. Hátt hlutfall járns í áli olli því að hluti framleiðslunnar nýttist ekki sem skyldi. Álverið seldi því einungis um 192,5 þúsund tonn, og var nokkuð undir áætlun, en framleiddi 204,8 þúsund.

Rannveig Rist, forstjóri Rio Tinto á Íslandi, segir í skriflegu svari við fyrirspurn Markaðarins að afkomuna í fyrra megi að mestu leyti rekja til lágs álverðs á heimsmarkaði og hás orkuverðs á Íslandi.

„Framleiðslan hjá okkur gengur hins vegar vel og eru horfur á þessu ári betri. Álverð hefur hækkað umtalsvert frá því í fyrra en á móti hefur sterk staða krónunnar mikil áhrif á okkur eins og önnur útflutningsfyrirtæki,“ segir Rannveig.

Árið 2012 var álverið í Straumsvík rekið með tapi í fyrsta sinn síðan Rannveig tók við sem forstjóri þess árið 1997. Síðan þá hefur reksturinn einungis einu sinni skilað jákvæðri afkomu eða upp á 1,9 milljónir Bandaríkjadala árið 2014, jafnvirði 250 milljóna miðað við þáverandi gengi. Var tapið mest árið 2013 eða upp á 32 milljónir dala. **– hg**



**Rekstur álversins hefur ekki gengið sem skyldi síðustu ár.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

MARKAÐURINN
**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.,** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5000** | Fax **512 5301**
Ritstjóri **Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is**
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang visir.is



# Umbyltu viðhorfinu

Með ferskt sjónarhorn og jákvætt viðhorf er auðvelt að tileinka sér nýja hluti og nýjar aðferðir. Þú skapar ný tengsl og víkkar sjóndeildarhringinn. Kallaðu fram persónulegan vöxt sem skilar jafnframt enn betri árangri hjá fólkinu í kringum þig.

Skráðu þig núna á fagnámskeið Dale Carnegie og skapaðu þér nýtt sjónarhorn á viðskiptalífið.

**10% afsláttur ef þú skráir þig fyrir 30. júní nk.**

Skráning á **www.dale.is** eða í síma 555 7080.



**Leiðtogaþjálfun fyrir stjórnendur**
Áhersla á að leiða fremur en stjórna
Hefst 12. október

**Árangursrík sala**
Fyrir viðskiptastjóra og söluráðgjafa
Hefst 10. október

**Framúrskarandi öryggismenning**
Leiðtoganámskeið og innleiðing öryggisstefnu
Hefst 17. október

**Stjórnendaþjálfun**
Leiðtogaþjálfun fyrir millistjórnendur
Hefst 17. október

**Þjálfun fyrir þjálfara**
Að miðla efni á lifandi hátt
Hefst 21. nóvember

**Dale Carnegie námskeiðið**
Grunnur að velgengni
Hefst 12. september

**Áhrifaríkar kynningar**
Þjálfun í kynningartækni
Hefst 29. september

Dale Carnegie




Finnur Árnason, forstjóri Haga, segir ekki stefnt að kaupum á fyrirtækjum í óskyldum rekstri eða eignum erlendis. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Þvertekur fyrir að Bónus hafi okrað fyrir komu Costco

**Forstjóri Haga telur að gagnrýni á verðlagningu verslunarfyrirtækisins hafi verið ósanngjörn og án innistæðu. Hann vandar hvorki framkvæmdastjóra IKEA né formanni Neytendasamtakanna kveðjurnar. Kaupin á Olís gætu dregist fram á næsta ár og Hagar ætla að hætta rekstri Karen Millen í Kringlunni.**

Haraldur Guðmundsson
haraldur@frettabladid.is

Finnur Árnason, forstjóri Haga, segir umræðu um að Bónus hafi okrað á neytendum vera ósanngjarna og innistæðulausa og að álagning á matvöru sé hvergi lægri. Gagnrýni framkvæmdastjóra IKEA og formanns Neytendasamtakanna á verslunarrekstur Haga, í kjölfar opnunar Costco í Garðabæ, standist ekki skoðun. Vöruverð hafi einfaldlega lækkað vegna styrkingar krónunnar og betri samninga við erlenda birgja en ekki vegna þess að koma og miklar vinsældir bandaríska verslunarrisans hafi sparkað duglega í rassinn á stjórnendum fyrirtækisins.

„Á milli maímánaða 2016 og 2017 hefur allur innflutningur okkar lækkað um ellefu prósent vegna styrkingar krónunnar og við erum að gera betri innkaup í mörgum vöruflokkum. Þessum ávinningi hefur verið skilað til viðskiptavina okkar. Umræðan um verð og álagningu hefur verið mikil en ég held að það sé ljóst að ef tölulegar staðreyndir eru skoðaðar getum við staðið mjög keik,“ segir Finnur. Forstjórinn sýnir blaðamanni tölur yfir þróun framlegðar Haga síðastliðin níu ár. Samkvæmt þeim hefur framlegðin, tekjur að frádregnum breytilegum kostnaði, verið á bilinu 24 og 25 prósent allt tímabilið.

**„Rakalausar upphrópanir“**

*Þannig að þú fullyrðir að lækkun vöruverðs í ákveðnum vöruflokkum í verslunum Bónuss síðustu vikur og mánuði megi eingöngu rekja til styrkingar krónunnar og betri samninga við erlenda birgja en ekki aukinnar samkeppni?* „Já, það er rétt. Hér er ég með tölur sem sýna sögulega framlegð Haga. Hún er stöðug og hefur ekki verið að hækka. Við erum á hverju ári sökuð um að skila ekki styrkingu á gengi. Það hafa verið skattbreytingar, sykurskattur, breyting á virðisaukaskatti og vörugjöld fallið niður, en við erum á sömu prósentutölunni í framlegð allan þennan tíma, sem staðfestir að innkaupsverð og útsöluverð haldast í hendur. Þetta hentar hins vegar ekki í umræðuna, það er svo einfalt,“ segir Finnur.

„Við reynum að gera betur í innkaupum en ég hef sagt það áður að Ísland þarf að kaupa betur inn. Við erum enn þá á vissan hátt dönsk nýlenda því Danir eru með umboð fyrir fjöldann allan af vörum og þjónustu, ekki bara matvöru, og það að við séum að kaupa í gegnum Danmörku vörur frá bandarískum eða breskum fyrirtækjum þýðir að það er verið að skattleggja vörur með umboðslaunum, sem renna til Dana eða annarra Skandinavíuþjóða. Okkar hlutverk hjá Högum er og hefur verið að kaupa betur inn og ég held að okkur hafi tekist það ágætlega þó við eigum sannarlega mikið verk fyrir höndum að ná enn betri árangri á því sviði,“ segir Finnur og bætir við að lítið sem ekkert hafi komið fyrirtækinu á óvart varðandi komu Costco, enda hafi stjórnendur þess verið vel undirbúnir, nema þá kannski ummæli sem fallið hafi um íslenska verslun.

„Ég tel að umræðan sé ósanngjörn og það hjálpar ekki þegar menn sem kasta steinum úr glerhúsi, eins og framkvæmdastjóri IKEA [Þórarinn Ævarsson], tala niður íslenska verslun með rakalausum upphrópunum. Alhæfingar á þessu sviði eru hvorki sanngjarnar né réttar. Ég held að margt í íslenskri verslun sé mjög gott og margir að leggja sig fram við að standa sig. Við erum til að mynda að fækka hér verslunarfermetrum og loka tískuverslunum og það er ekki til marks um að afkoman hafi verið góð. Það er erfitt að reka verslanir á Íslandi á mörgum sviðum enda lítill markaður og kostnaður mikill. Það eru margir geirar í íslenskri verslun sem eru með þeim hætti að það eru ekki sömu rekstrarskilyrði og utan landsteinanna. Innistæðulausar fullyrðingar og árásir á verslunina í heild eru ekki að hjálpa til,“ segir Finnur og heldur áfram:

„Hér hefur hvað mestur hávaði verið í framkvæmdastjóra IKEA sem rekur alþjóðlegt verslunarfyrirtæki á Íslandi. Í síðustu viku komu fram fréttir af hans eigin rekstri. Hann rekur eina verslun og er með öll sín innkaup á sama stað og þarf 48 prósenta framlegð í sinn rekstur. Þetta opinberar þá staðreynd að IKEA á Íslandi þarf tvöfalda álagningu Haga til að reka þessa einu verslun sína og þar með þrefalda álagningu Bónuss. IKEA á Íslandi er tugum prósenta dýrari en IKEA verslanir nágrannalandanna sem bjóða nákvæmlega sömu vöru og seld er hér. Hver skyldi vera skýringin á því? Hagar reka yfir 50 verslanir og umfangsmikla vöruhúsastarfsemi og bjóða sama verð um land allt. Ég held því fram að það sé ekkert verslunarfyrirtæki á Íslandi rekið á jafn lágri álagningu og Bónus og Bónus hefur verið rekið þannig frá upphafi. Það hefur sýnt sig í öllum þessum ólgusjó sem er í gangi að það er ekki hægt að benda á neitt sem stendur upp á Bónus í þeirri umræðu. Í alþjóðlegum samanburði er álagning Bónuss með því lægsta sem þekkist.“

*Ákváðu erlendir birgjar þá að lækka verð sín einungis vegna komu Costco?* „Í einhverjum tilfellum hafa erlendir birgjar og stórir framleiðendur endurmetið Ísland. Það er ljóst að Ísland hefur í augum þessara aðila verið skilgreint sem hátekjusvæði og þeir hafa verðlagt vörur sínar til landsins í samræmi við það. Við höfum í mörgum tilfellum keypt vörur beint að utan þar sem okkur finnst ekki boðlegt að þær séu seldar á því verði sem stendur okkur til boða í gegnum heildsala. Í mörgum tilfellum erum við að sækja þessar vörur beint út og náum árangri þannig að verðið lækkar. Í öðrum náum við því ekki en ég er klár á því að með þessu breytta samkeppnisumhverfi fær Ísland annan verðflokk. Sumir hafa tekið tillit til þess og aðrir ekki. Það er okkar verk að vinna að því að innkaupsverðin verði enn lægri.“

> **Ég tel að umræðan sé ósanngjörn og það hjálpar ekki þegar menn kasta steinum úr glerhúsi, eins og framkvæmdastjóri IKEA.**

**Margt komið á óvart**

Ljóst er að forstjórinn er mjög ósáttur við ýmis ummæli sem fallið hafa síðustu vikur, bæði í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum, um að innlendir smásalar á borð við Bónus og Krónuna hafi okrað á almenningi. Ólafur Arnarson, formaður Neytendasamtakanna, sagði í samtali við fréttastofu RÚV í síðustu viku að niðurstöður verðkönnunar ASÍ, um að vörukarfan sé dýrari í Costco en Bónus, hafi ekki komið honum á óvart þar sem Costco selji gæðamerkjavöru. Sagði Ólafur að ef borin yrði saman merkjavara myndi hann ætla að önnur niðurstaða fengist.

„Mér finnst einnig mjög sérstakt að í fyrsta sinn stígur formaður Neytendasamtakanna fram og tekur einarða afstöðu með einum aðila á markaði. Nú er formaður Neytendasamtakanna að skrifa sögu Jóhannesar í Bónuss og hefur verið að því í nokkur ár. Hann þekkir því mjög vel fyrir hvað Jóhannes stóð og fyrir hvað Bónus stendur. Það ættu því að vera hæg heimatökin að mínu viti að afla sér upplýsinga um hvernig Bónus vinnur og það er gjörsamlega út í hött að þessi maður, sem að auki er formaður Neytendasamtakanna, komi Costco af einhverjum ástæðum til varnar og haldi því fram að Jóhannes í Bónus hafi verið að blekkja neytendur eða viðskiptavini fyrirtækisins. Hann veit auðvitað betur en velur samt að taka til máls með þessum hætti.

Fyrstu ummæli hans voru þau eftir að hann hafði heimsótt nýjan aðila á markaði að víða væri pottur brotinn í íslenskri verslun og að honum sýndist að verðið þarna væri miklu lægra en hann hefði búist við. Síðan kom könnun RÚV um að Bónus væri ódýrasti valkosturinn á Íslandi og þá sagði þessi sami maður að það kæmi sér ekki á óvart að Bónus væri enn þá ódýrasti valkosturinn, þar sem hinir væru að selja hágæðavöru. Daginn eftir hélt hann því fram að könnun RÚV væri blekking. Ég trúi ekki að ég sé einn um að finnast þessi málflutningur sérstakur,“ segir Finnur.

„Að tala um okur í Bónus er álíka rugl og að halda því fram að jólin séu í júlí.“

*Hvernig hefur þín persónulega upplifun af opnun Costco verið?* „Ég held að það sem upp úr stendur sé að Bónus býður lægra verð en þessi risi. Það er stóra fréttin. Við erum mjög stolt af því að vera með félagið á þeim stað. Það má vel vera að það henti ekki umræðunni að Bónus hafi staðið sig svona vel en verslunin er að selja vörur í 32 verslunum um allt land og á sama verði. Auðvitað er það staðreynd að þegar Bónus kom á markaðinn var það mesta kjarabót sem heimilin fengu á þeim tíma. Vöruverð lækkaði um einhver 30-40 prósent á landsbyggðinni með opnun þar. Við erum enn að vinna á þessum sömu nótum og skila þannig þessari kjarabót til okkar viðskiptavina dag frá degi. Það er það sem ég er stoltur af í dag.“

Að mínu mati er ósanngjörn umræða í gangi og við verðum að taka henni eins og hún kemur ➡

# Fólk
Viðburður

MIÐVIKUDAGUR 21. JÚNÍ 2017



Þór Jakobsson veðurfræðing dreymir um að tengja sólstöðugönguna á Íslandi við sólstöðugöngur annars staðar í heiminum, því sólstöðumínútan sé samtímis um allan hnöttinn. MYND/EYÞÓR

# Undur að upplifa lífið

Sumarsólstöður eru í dag. Lengsti dagur ársins. Af því tilefni ætlar Þór Jakobsson veðurfræðingur í sína 33. sólstöðugöngu í Viðey, þar sem gleði verður við völd en líka alvara alheimsins. →2





**Þór er einn upphafsmanna sólstöðugöngu í Reykjavík og leiðir sína 33. göngu í Viðey í kvöld.** MYND/EYÞÓR

**Þórdís Lilja Gunnarsdóttir**
thordisg@365.is



Ég var í áttræðisafmæli!“ útskýrir Þór Jakobsson veðurfræðingur kátur þegar loks næst í hann. „Ég varð áttræður í fyrra, og konan mín í ár, svo að skólasystkin mín og konunnar verða nú áttræð unnvörpum og halda veislur. Ég segi líka að gamalt fólk eigi að halda upp á afmæli sín en ekki bara bjóða í jarðarförina!“ bætir Þór við og hlær, fullur lífsgleði.

Þór er einn upphafsmanna sumarsólstöðugangna sem fyrst voru farnar í Reykjavík árið 1985. Í kvöld ætlar hann að leiða sína 33. sumarsólstöðugöngu í Viðey.

„Við höfum til gamans kallað þetta meðmælagöngu með lífinu og menningunni. Okkur berst til eyrna nóg af slæmum fréttum og því á maður að taka frá tíma til að hugsa út í það góða sem gerist í lífinu, fagna því að vera til og upplifa þetta líf í stutta stund.“

Sumarsólstöðugangan fór lengst af fram í Öskjuhlíð en undanfarin sjö ár hefur hún verið farin í Viðey, í samstarfi við Reykjavíkurborg.

„Framan af reyndum við að sitja um sólstöðumínútuna sem stjörnufræðingar geta reiknað út af nákvæmni hvenær sól er stjarnfræðilega hæst á lofti. Sumarsólstöðumínútan færist alltaf til og var klukkan 04.24 í morgun.

Þegar við verðum í göngunni í kvöld verður daginn því farið að stytta um hænufet á dag, þótt Íslendingar verði ekki varir við styttri sólargang fyrr en frá mánuði til mánaðar vegna þess hve dimmir hægt og sígandi.“

Þór á sér draum á sumarsólstöðum.

„Mig hefur alltaf dreymt um að tengja sólstöðugönguna hér heima við sólstöðugöngur annars staðar í heiminum, því sólstöðumínútan er samtímis um allan hnöttinn. Áramótin færast til og eru aldrei á sama tíma á jörðinni en þarna er komin stjarnfræðilega útreiknuð mínúta sem allir geta sameinast um í þögn og von um frið, og fögnuði yfir lífinu,“ segir Þór og bendir á að sama eigi við um vetrarsólstöður.

„Þetta næst varla í minni tíð, held ég, og verður ekki að veruleika fyrr en það verður eftirsóknarverðara að vakna um miðja nótt til að vera með öllum hinum. En með nútímatækni væri hægt að hafa samband á milli sólstöðugangna á Íslandi, í Noregi, Grænlandi og Kanada, svo dæmi séu tekin.“

## Töfrastund á sólstöðum

Veðurútlit fyrir kvöldið er gott, að sögn veðurfræðingsins. Uppstytta á réttum tíma en öruggara að klæða sig eftir veðri ef blautt verður á.

„Við ætlum að ganga um austurhluta Viðeyjar og segja frá sólstöðum, sólstöðumínútunni, hátíðum og hefðum í tengslum við sólstöður. Árný Helgadóttir, hjúkrunarfræðingur og kraftgöngukona, ætlar að stýra léttum æfingum og gefa heilræði um heilbrigt og innihaldsríkt líferni, og Pétur Húni Björnsson, þjóðfræðingur og söngvari, mun segja skemmtilegar og fróðlegar sögur tengdar sólstöðum. Þá staðnæmumst við í fjöruborðinu við varðeld, þar sem söngvarinn Jón Svavar Jósefsson leiðir fjöldasöng og spilar undir á harmóníku og gítar,“ upplýsir Þór, fullur tilhlökkunar, en við varðeldinn verður hægt að kaupa léttar veitingar fyrir þyrsta göngugarpa.

Gönguleiðin er hæfileg fólki á öllum aldri en mælt er með góðum skóm og skjólgóðum jakka.

„Það er indælt og gaman að koma einu sinni á sumri út í Viðey og skoða náttúru og umhverfi frá þeim sjónarhóli. Fólk hittist, kynnist, spjallar og fagnar því að vera til. Líf okkar líður hjá og aðrir taka við. Það er dýrmætt að verða þess áskynja og þarf að minna sig á það öðru hvoru hversu mikið undur það er að upplifa þetta allt,“ segir Þór og gleðst yfir því að fleiri sólstöðugöngur hafi orðið til víða um land.

„Sólarlag í kvöld er klukkan 00.04 eftir miðnætti en bjart er allan sólarhringinn á Íslandi í kringum sumarsólstöður. Íslendingar halda mikið upp á þennan árstíma og þótt sólin brenni fullhátt á lofti og fullmikið sums staðar er hún engu að síður lífgjafi og upphaf lífs hér á jörðu,“ segir Þór.

Veður fer enn hlýnandi þótt sól lækki á lofti því hafið og lofthjúpur jarðar halda áfram að hlýna eftir sumarsólstöður.

„Það er búið að vera gaman að ganga þessar sólstöðugöngur og við höfum skráð þær frá upphafi. Sólstöður er töfrastund, ekki síst ef við hugsum til sólstöðumínútunnar. Komi fólk til með að hugsa til hennar eins og það hugsar til áramótanna, þá er sólstöðumínútan fyrir mannkyn allt.“

## Lífsfögnuður á oddinn

Tíu ár eru liðin síðan Þór hætti að segja veðurfréttir í sjónvarpi, en það var aukavinna meðfram starfi hans á Veðurstofu Íslands.

„Mér þótti skemmtilegt að koma að veðurfréttum sjónvarpsins og maður þurfti að passa vel upp á tímann, sem var þrjár mínútur,“ segir Þór og brosir að minningunni. „Ég dunda nú við ýmislegt en er nýhættur sem formaður Oddafélagsins sem ég átti þátt í að stofna og vakti athygli á sögustaðnum Odda á Rangárvöllum, þar sem Sæmundur fróði átti heima og Snorri Sturluson ólst upp,“ segir Þór, en nýr formaður Oddafélagsins er sveitarstjórinn Ágúst Sigurðsson.

Þá gaf Þór út bókina Lýðveldisbörnin með Örnu Björk Stefánsdóttur í fyrravetur, um endurminningar fólks sem man eftir þátttöku sinni við stofnun lýðveldisins á Þingvöllum árið 1944.

„Svo er ég að bauka í sveitinni minni, Mörk á Landi (í Landsveit, Rangárvallasýslu). Þar er veðurathugunarstöð og við hjónin með fimmtán hektara skika og skógrækt. Þaðan var amma mín og þar bjuggu formæður mínar og forfeður á 19. öld.“

Að vera orðinn áttræður líkir Þór við sólstöðurnar.

„Lífið gengur sinn gang, maður áttar sig á því og tekur því öllu sem eðlilegu. Þeim mun meira gaman hefur maður af æskunni og það er gaman að sjá til unga fólksins í sjónvarpinu. Ætli manni finnist maður ekki vera yngri en maður heldur að ömmu hafi þótt þegar hún hélt upp á áttræðisafmælið. Ég hef verið heppinn með heilsuna og líf á gamalsaldri fer mikið eftir henni. Af stúdentsárgangi mínum er nú þriðjungur dáinn og sumir eru veikir en aðrir eins og við hjónin, furðu spræk.

Góð tengsl við börn og barnabörn eru mikils virði og maður reynir að njóta hvers dags þótt margt bjáti á, því miður. Í sólstöðugöngunni í kvöld á þó að gleyma öllu slíku og setja fögnuð lífsins á oddinn.“

Siglt verður frá Skarfabakka yfir í Viðey kl. 20 í kvöld og til baka ekki seinna en klukkan 23. Allir eru hjartanlega velkomnir.




**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Útgefandi:** 365 miðlar

**Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433

# Smáauglýsingar

512 5000
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

**bilfang.is**
**S. 567 2000**



**NÝR BÍLL/7 MANNA !**
Getum boðið nokkra nýa Landrover Discovery Sport HSE Blackline , glerþak,leður,7 manna, ofl Frábært verð 7.990 þús (Er á staðnum)

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**Seljum í dag !**
**www.bilfang.is**

**KRÓKUR**



**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

**STÓRA BÍLASALAN**



**90% LÁN**
SUZUKI SX4 GLX. Árgerð 2013, ekinn 61 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 2.190.000. Rnr.170616.



**90% LÁN**
VW Polo Trendline. Árgerð 2015, ekinn 9 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 2.090.000. Rnr.136156.



**100% LÁN**
HONDA CRV. Árgerð 2005, ekinn 102 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. TILBOÐ 980.000 staðgreitt. Rnr.159673.

**STÓRA BÍLASALAN**



**100% LÁN**
SUZUKI Jimny JLX. Árgerð 2003, ekinn 139 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 590.000. Rnr.159650.



**100% LÁN**
TOYOTA RAV4. Árgerð 2000, ekinn 220 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. TILBOÐ 490.000 staðgreitt. Rnr.159584.



**100% LÁN**
TOYOTA RAV4. Árgerð 1997, ekinn 158 Þ.KM, bensín, beinskiptur. TILBOÐ 350.000 staðgreitt. Rnr.162619.

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

**VAKA**



Öruggir Vinnuvéla-Lyftara og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

**Vaka**
**Skútuvogi 8, 104 Reykjavík**
**Sími: 567 6700**
**24 tíma þjónusta**
**http://www.vakahf.is**

**SUZUKI**



EL-GO rafmagnsvespur. Ekkert próf, engin skráning, BARA GAMAN. Vespurnar eru til í fjórum flottum litum. Sama lága verðið 154.900.- kr.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

**HÖFÐABÍLAR**
... þar sem bílar seljast



AUDI A3 limousine. Árgerð 2015, ekinn 17 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 7 gírar. Verð 3.680.000. Rnr.211549.



SSANGYONG Rexton. Árgerð 2017, ekinn 4 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 7 gírar. Verð 5.490.000. Rnr.222798.

**Höfðabílar**
**Fossháls 27/ Dragháls megin,**
**110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**www.hofdabilar.is**

## Bílar til sölu



**BMW 330E PLUG IN HYBRID**
Luxury line, hlaðinn búnaði. Ekinn 12 þkm. 02/16. Tilboð 4,69m stgr. Bill.is sími 5773777

## 250-499 þús.



Chrysler Neon árg. 1999 til sölu. Ekinn 125.000 km. Er óskoðaður og þarfnast lagfæringar. Er á nærri óslitnum nagladekkjum og sumardekk fylgja. Tilboð óskast. S. 863 7828

## 500-999 þús.



**4X4 MEÐ KRÓK - TILBOÐ 590 ÞÚS**
HYUNDAI SANTA FE 2005 ek. 144 þús, bsk, ný skoðaður, nýleg tímareim, dráttarkrókur, lýtur vel út, TILBOÐSVERÐ 590 þús möguleiki á 100% láni s.841 8955

## Bílar óskast



**STAÐGREIÐI BÍLA 0-750 ÞÚS!**
Óska eftir að kaupa bíla á allt að 750 þús. staðgreitt! Þeir mega þarfnast lagfæringa helst ekki eldri en ‘05, skoða allt er með pening og pappíra klára og get gengið frá kaupum strax, ef mér lýst vel á. Uppl. s. 691 9374.

**NÝIR**
# TOYOTA C-HR
**HYBRID**



**VERÐ KR.**
**4.490**
**ÞÚSUND**

**MJÖG VEL BÚNIR BÍLAR**

- 18" álfelgur
- 8" margmiðlunarskjár
- Hiti í sætum og stýri
- Bakkmyndavél
- Árekstrarveri
- Akreinavari
- ...og margt fleira

Til í nokkrum litum.
Komið og reynsluakið.

**586 1414**
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan

opið mán-fös 10-18
**kaffi á könnunni**

**STÓRA BÍLASALAN**
Klettháls 2 · 110 Reykjavík

fyrir. Fullyrðingar í okkar garð eru innistæðulausar. Bónus er rekið á lágmarksálagningu og stenst allan samanburð þegar kemur að verðum.

Sumar fréttir hafa komið mér meira á óvart en aðrar. Umfjöllun fjölmiðla er á þeim nótum sem hún er og ég geri ekki athugasemdir við það. Ég geri aftur á móti athugasemdir ef rangt er farið með og við höfum gert það. Ég var til dæmis sakaður um að vera að hóta birgjum og ég stappaði niður fótum,“ segir Finnur og vísar í frétt Viðskiptablaðsins þann 1. júní. Þar var fullyrt að Hagar hefðu hótað nokkrum íslenskum framleiðendum því að ef þeir hygðust selja vörur sínar í Costco yrðu þær teknar úr hillum verslana Bónuss.

„Þær ásakanir voru gjörsamlega út í hött enda mun ég aldrei beita og hef aldrei beitt þeim aðferðum sem ég var sakaður um í þeirri umfjöllun,“ segir Finnur, en rétt er að taka fram að Viðskiptablaðið hefur staðið við fréttaflutning sinn.

### Loka fataverslunum

Finnur segist aldrei áður hafa upplifað aðra eins umbreytingatíma í íslenskri verslun. Hagar hafi fækkað verslunarfermetrum sínum um 20 prósent á rúmu ári og dregið úr áherslu á fatnað og sérvöru. Markaðurinn greindi í byrjun mars frá ákvörðun fyrirtækisins um að loka fataversluninni Dorothy Perkins í Smáralind og að Hagar myndu því loka fjórum tískuvöruverslunum á þessu ári til viðbótar við þrjár í fyrra. Forstjórinn staðfestir að verslunarfyrirtækið ætli nú einnig að hætta rekstri Karen Millen í Kringlunni og þá einungis reka fataverslanir Útilífs og Zöru.

„Ég hef upplifað miklar breytingar í verslun og þá til dæmis opnun Kringlunnar og Smáralindar en ég held að þetta sé mesta umbreytingaár í verslun sem ég hef lifað. Við erum að horfa á fyrirtæki koma hér inn á markaðinn sem eru með margfalda landsframleiðslu Íslands og eru meðal annars að selja vörur undir kostnaðarverði. Á sama tíma er aukin netverslun og breyttir neysluhættir hjá yngri kynslóðinni sem gera það að verkum að margir markaðir eru á fleygiferð. Það er áskorun fyrir þá sem eru í verslun að takast á við þessar breytingar. Samkeppnisumhverfið er breytt og íslensk fyrirtæki þurfa að verða enn sterkari til þess að geta tekist á við þetta nýja umhverfi.



Finnur Árnason segir Bónus standast allan verðsamanburð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Olís mun líklega ekki klárast fyrr en í lok árs eða upphafi næsta árs en Lyfja vonandi í lok júlí. Þetta tekur allt sinn tíma.**

Undanfarin misseri og ár höfum við verið að fylgjast með og lagt áherslu á að búa okkur undir aukna samkeppni. Það kom fram á aðalfundi okkar í maí að við fækkuðum verslunarfermetrum á síðasta rekstrarári um tæplega 20 þúsund. Fataverslun er með þeim hætti að meira en önnur hver flík er keypt í útlöndum og sá markaður hefur átt undir högg að sækja frá hruni og er ekki farinn að rétta sig af. Við höfum því minnkað áhersluna á sérvöru og erum núna að reka tvær verslanir Útilífs og Zöru en höfum fækkað tískuvöruverslunum og lokuðum Útilíf í Glæsibæ. Það eru miklar breytingar og margt að gerast.

Í Smáralind, þar sem við vorum að minnka Hagkaup um nánast helming, erum við að ná nánast sömu sölu. Það er umtalsverð hagræðing sem felst í því að fækka verslunarfermetrum með þessum hætti. Við erum að fara út úr óhagkvæmari rekstri, meðal annars sérvörurekstri, þar sem við erum ekki með það mikið magn að þar sé mikil stærðarhagkvæmni.“

*Var það af einhvers konar virðingu við fortíðina að Hagkaupum á efri hæð Kringlunnar var ekki lokað fyrr og reksturinn sameinaður neðri hæðinni?* „Nei, nei, það eru margir þættir eins og til dæmis leigusamningur og aðrar skuldbindingar sem réðu því, en svo kom tækifærið. Það er hins vegar ljóst að við hefðum viljað gera þetta fyrr.“

*Þið sjáið einnig fyrir ykkur að loka Karen Millen í Kringlunni?* „Reksturinn verður í það minnsta ekki í okkar höndum. Það er verið að vinna í því með samstarfsaðilum í Bretlandi og það er alveg ljóst að við erum á leið út úr þessum minni fataverslunum,“ svarar Finnur og blaðamaður spyr hvort fyrirtækið hefði ekki getað ráðist fyrr í lokanir á öðrum tískuvöruverslunum eins og Topshop og Debenhams þar sem einhverjar þeirra virðist hafa verið reknar með tapi.

„Hugsanlega. Það er alveg sjónarmið en það eru leigusamningar og skuldbindingar sem við vorum með sem spila inn í. En þegar tækifærin hafa opnast höfum við nýtt þau.“

### Rökrétt skref

Stjórnendur Haga undirrituðu í lok apríl kaupsamning um allt hlutafé Olís og fasteignafélagsins DGV ehf. Samningurinn var gerður með fyrirvara um niðurstöður áreiðanleikakönnunar og samþykki Samkeppniseftirlitsins. Stofnunin skoðar nú einnig kaup verslunarfyrirtækisins á Lyfju og segir Finnur að niðurstaða þeirrar vinnu eigi að liggja fyrir áður en júlí er á enda.

„Hvorugt málanna er fullfrágengið. Það er fyrirvari með Lyfju um samþykki frá Samkeppniseftirlitinu og við erum að vinna í áreiðanleikakönnun með Olís og síðan er einnig fyrirvari um samþykki Samkeppniseftirlitsins. Olís mun líklega ekki klárast fyrr en í lok árs eða upphafi næsta árs en Lyfja vonandi í lok júlí. Þetta tekur allt sinn tíma.“

*Áttu kaupin á Olís sér ekki stuttan aðdraganda?* „Að minnsta kosti ekki mjög langan. Auðvitað eru mörg mál sem koma til skoðunar en þegar þetta kom upp voru margir augljósir snertifletir sem gerðu það að verkum að það tók í sjálfu sér ekki langan tíma að ná niðurstöðu. Á þessu stigi er hins vegar óeðlilegt að ég tjái mig um félag sem er í eigu annarra áður en þetta er gengið í gegn en þarna eru mörg tækifæri.“

*Nú er útlit fyrir að samkeppnisaðilinn Festi, sem rekur Krónuna, muni renna inn í olíufélagið N1. Er þetta einfaldlega rökrétt næsta skref fyrir þessi tvö fyrirtæki, Haga og Festi, að sameinast olíufélögum?* „Ég tel að kaup okkar á Olís hafi hreyft hressilega við mönnum. Ef við horfum á nágrannalöndin og Bandaríkin er sala á þessum vöruflokkum samtvinnuð og ekkert óeðlilegt að það gerist hér líka. Ég vil meina að við höfum markað stefnuna en það er svo sem annarra að dæma um það en ég held að þetta sé farsælt skref fyrir bæði okkur og Olís og spennandi tímar fram undan.“

*Hagar höfu í fyrra innflutning og heildsölu á áfengi. Var þá ekki gert ráð fyrir að áfengisfrumvarpið næði í gegn?* „Það hefur gengið vel og við erum komin núna með um 60-80 tegundir. Það er búið að breyta þessu frumvarpi mjög mikið og ég held að það sé komið á þann stað að það sé búið að sníða af flesta þætti sem voru gagnrýniverðir. Eins og ég horfi á málið er áfengi selt það víða af einkaaðilum að dagvöruverslun er orðin eini angi verslunarinnar sem fær ekki að selja. Þetta er á bensínstöðvum, veitingastöðum, skyndibitastöðum, íþróttahúsum og félagsheimilum um allt land. seldur í einni sérstakri verslun og nýtur því ekki hagræðis. Við viljum draga úr kostnaði og bæta þjónustuna.“


VIRÐING



**Virðing** er alhliða verðbréfafyrirtæki sem veitir fjárfestingatengda þjónustu á sviði eignastýringar, markaðsviðskipta, fyrirtækjaráðgjafar og reksturs framtakssjóða. Virðing hefur starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki og starfar undir eftirliti FME. Grundvallaratriði í starfsemi Virðingar eru langtímaárangur og virðing fyrir einstaklingum, samfélagi og umhverfi.

# Sérfræðingur í veðskuldabréfum

**Virðing** leitar að öflugum aðila með góða þekkingu á lánveitingum, mati og verðlagningu á rekstraráhættu og mati á verðmæti undirliggjandi trygginga, í úrvalshóp sérfræðinga hjá fyrirtækinu.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Góð fjármálaþekking
- Reynsla af störfum á fjármálamarkaði
- Framúrskarandi þjónustulund
- Frumkvæði og sjálfstæði í störfum
- Sterk viðskiptatengsl eru mikill kostur

**Upplýsingar veitir:**

**Sverrir Briem**
sverrir@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 4. júlí nk.**

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

## Skotsilfur

### Þaulreyndur í öryggiskrísum



**Ómar Svavarsson** ætlar að segja skilið við framkvæmdastjórastarf sitt hjá Sjóvá og taka við sem forstjóri öryggisfyrirtækisins Securitas. Forstjórinn hefur starfað hjá tryggingafélaginu síðan í janúar 2015 en þekkir af eigin raun mikilvægi þess að auka öryggi viðskiptavina og koma í veg fyrir að þeir verði fyrir tjóni. Ómar var eins og kunnugt er forstjóri Vodafone í desember 2013 þegar tölvuþrjótur gerði netárás á vef fjarskiptafélagsins. Náði þrjóturinn að stela sms-skilaboðum og persónuupplýsingum um þúsundir viðskiptavina félagsins og birta þær á netinu þannig að mörgum rann kalt vatn milli skinns og hörunds.

### Af álfum og bankahruni



Fréttablaðið greindi á mánudag frá því hvernig **Hannes Hólmsteinn Gissurarson**, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, hefur í tómstundum sínum þýtt þrjár Íslendingasögur yfir á ensku og einnig skrifað Elves and Hidden People: Twelve Icelandic Folktales. Vakti fréttaflutningurinn athygli margra og ekki síst þeirra sem hafa lengi beðið eftir öðru verki höfundarins eða skýrslu hans um erlenda áhrifaþætti bankahrunsins sem Hannes átti upphaflega að skila til fjármálaráðuneytisins í júlí 2015. Í febrúar var búið að greiða út 7,5 milljónir vegna verkefnisins en enn er ekki vitað hvenær skýrslan mun berast.

### Frosti til hliðar



**Frosti Sigurjónsson**, fjárfestir og fyrrverandi þingmaður Framsóknarflokksins, hætti sem stjórnarformaður flugleitarvélarinnar Dohop í lok maí. Hafði hann setið á þeim stóli síðan árið 2010 en Frosti stofnaði fyrirtækið árið 2004. Hann verður þó áfram í stjórn félagsins samkvæmt skráningu þess hjá fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra. Frímann Elvar Guðjónsson viðskiptafræðingur er nýr stjórnarformaður.

## Stærsta vínsýning heims vel sótt




Vinexpo Bordeaux 2017, stærsta vínsýning heims, hófst í borginni Bordeaux í suðurhluta Frakklands á mánudag. Framleiðendur á léttu og sterku víni sýna þar vörur sínar og voru aðstandendur sýningarinnar ánægðir með góða mætingu en sýningin stendur þangað til í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Af hverju fellur ávöxtun skuldabréfa þegar seðlabanki hækkar vexti?



**Lars Christensen**
alþjóðahagfræðingur

Í síðustu viku hækkaði Seðlabanki Bandaríkjanna stýrivexti sína um 0,25 prósent til viðbótar. Það var önnur vaxtahækkun Seðlabankans á þessu ári. Fyrri vaxtahækkunin var 15. mars.

Þeir sem fylgjast með fjármálamörkuðunum hafa hins vegar tekið eftir nokkru áhugaverðu sem hefur átt sér stað eftir stýrivaxtahækkunina í mars – í stað þess að hækka, hefur ávöxtun skuldabréfa dalað í kjölfar vaxtahækkana Seðlabankans.

Reyndar hefur ávöxtun 10 ára bandarískra ríkisskuldabréfa lækkað næstum jafnmikið og Seðlabankinn hefur hækkað stýrivexti sína um síðan í mars – um það bil 0,50 prósentustig.

Af hverju ætli það sé? Ættum við ekki að gera ráð fyrir að skuldabréfaávöxtun hækki þegar Seðlabankinn hækkar vexti? Reyndar ekki – eða öllu heldur: Áhrif vaxtahækkana Seðlabankans fara eftir því hvort þær hafa áhrif á verðbólguvæntingar eða ekki.

Þegar allt kemur til alls endurspeglar ávöxtun skuldabréfa – sérstaklega skuldabréfa til langs tíma – væntingar markaðanna um verðbólgu og hagvöxt. Þannig að ef peningamálastefnan er hert ættum við að búast við að það sjáist á verðbólguvæntingum markaðanna, sem aftur ætti að sjást á skuldabréfaávöxtuninni.

Og það er reyndar þetta sem hefur keyrt niður ávöxtun bandarískra skuldabréfa síðan í mars. Seðlabanki Bandaríkjanna hefur komið fjármálamarkaðnum á óvart með því

> **Þannig að ef peningamálastefnan er hert ættum við að búast við að það sjáist á verðbólguvæntingum markaðanna**

að herða peningamarkaðsskilyrðin meira en búist var við og þess vegna höfum við séð verðbólguvæntingar markaðarins lækka frekar mikið síðan í mars.

Reyndar getur lækkunin á verðbólguvæntingum markaðarins, sem við getum séð á svokölluðum verðtryggðum skuldabréfum, útskýrt að fullu lækkunina á ávöxtun 10 ára skuldabréfa í Bandaríkjunum síðan í mars.

Það er því ekki um neina „skuldabréfaráðgátu“ að ræða eins og sumir vilja vera láta heldur er þetta einmitt það sem við var að búast. En við ættum líka að taka eftir því að verðbólguvæntingar í Bandaríkjunum eru nú þó nokkuð fyrir neðan opinbert 2 prósenta verðbólgumarkmið Seðlabanka Bandaríkjanna. Með öðrum orðum virðist Seðlabankinn hafa hækkað stýrivextina of fljótt þar sem það hefur valdið því að verðbólguvæntingar hafa færst frá verðbólgumarkmiðinu í staðinn fyrir að því.

Þar að auki sendir svokallaður ávöxtunarferill – mismunurinn á 2 ára og 10 ára skuldabréfaávöxtun – viðvörunarmerki. Þannig hefur ávöxtunarferillinn verið að „fletjast“ síðan í mars, þ.e.a.s. 2 ára ávöxtun hefur aukist samanborið við 10 ára ávöxtun. Tíu ára skuldabréfaávöxtun er enn meiri en 2 ára ávöxtun en ef Seðlabankinn hækkar stýrivexti einu sinni enn árið 2018 er mjög líklegt að ávöxtunarferillinn snúist við þannig að 10 ára ávöxtunin fari niður fyrir 2 ára ávöxtun og það hefur í gegnum tíðina verið mjög áreiðanleg vísbending um samdrátt í Bandaríkjunum.

Niðurstaðan er því þessi: Það má vera að Janet Yellen seðlabankastjóri vilji hækka stýrivexti enn frekar 2018 en skuldabréfamarkaðurinn er greinilega að segja henni að fresta vaxtahækkunum ef hún vill forðast samdrátt í Bandaríkjunum.

# Besta útgáfan af þér



**Þórhildur Ída Þórarinsdóttir**, eigandi ráðgjafarfyrirtækisins Spígspor og FKA-félagskona

Styrkleikar okkar eru sagðir okkur eins eðlilegir og það að draga andann og þeir drífa okkur áfram. En þekkja allir helstu styrkleika sína? Rannsóknir gefa til kynna að aðeins einn þriðji einstaklinga hafi góðan skilning á því hverjir styrkleikar þeirra eru og að allir hafi tilhneigingu til að vera að einhverju leyti blindir á eigin styrkleika. Hvað græðum við á því að þekkja og nota styrkleika? Nýleg könnun The VIA Institute on Character og Michelle McQuaid, sem náði til 1.000 bandarískra starfsmanna, gefur meðal annars til kynna betri vinnuanda og aukna framleiðni.

Árangursríkir leiðtogar þurfa að þekkja sjálfa sig, sem og starfsmenn sína, og flytja þá jafnvel til í starfi þar sem styrkleikar þeirra henta betur. Starfsmaður notar hugsanlega hugrekki til að fallast ekki hendur í erfiðum verkefnum og lætur í sér heyra ef einhver er beittur óréttlæti, jafnvel þó það sé óvinsælt. Annar býr mögulega yfir seiglu, sýnir ábyrgð, er einstaklingur sem virðir tímamörk og lýkur verkefnum. Sá þriðji sýnir góðvild, aðstoðar vinnufélaga og gerir öðrum greiða. Fjórði hefur forvitni sem sinn helsta styrkleika og er því starfsmaður sem skoðar, uppgötvar og hefur einlægan áhuga á því sem er að gerast og svo má lengi telja. Það er sömuleiðis áhrifaríkt að þekkja styrkleika starfsmanna til að velja einstaklinga í afkastamikil teymi. Þannig sér leiðtoginn til dæmis virði einstaklinga, samhæfir, hlustar og deilir verkum, skapandi starfsmaður leggur til nýjar hugmyndir og nálganir og víðsýnn starfsmaður veltir fyrir sér kostum og göllum áður en niðurstaða fæst.

Gleymum heldur ekki einkalífinu. Sjálfstjórn drífur okkur fram úr á morgnana og fær okkur til að mæta á réttum tíma til vinnu. Engin starfslýsing er til fyrir fjölskyldulífið, sem betur fer kannski, en það gefur okkur aukna vídd að þekkja styrkleika maka og barna, og stuðla að því að hver einstaklingur blómstri gegnum þessa eiginleika. Styrkleikar nýtast víðar, svo sem í námi, til að fara út fyrir þægindarammann þegar við erum stressuð og í erfiðleikum lífsins.

Ef þú vilt breytingar, veltu þá fyrir þér hvort styrkleikar gætu verið hluti af vegferð þinni til að verða besta útgáfan af sjálfum þér.

Opin Kerfi

intel XEON inside™

HP recommends Windows 10 Pro.

# HP Z



## Hannaðar með öryggið í fyrirrúmi!

Þú vinnur hraðar með HP Z vinnustöðvunum með Intel® Xeon® örgjörvanum, sem eru hannaðar með kröfuhörðustu notendurna í huga. Ef þú þarft mikil afköst þá þarftu HP Z vinnustöð.

### Meiri hraði

Með HP Z vinnustöðvum eyðir þú minni tíma í að bíða og meiri tíma við að skapa. Henta mjög vel fyrir grafíska vinnslu.

### Meira öryggi

HP Z vinnustöðar eru vottaðar af öllum helstu framleiðendum hugbúnaðar fyrir tækni- og hönnunargeirann.

### Meira val

Mjög auðvelt er að sérsníða HP Z vinnustöðvarnar að kröfum hvers og eins. Bættu og breyttu þannig að vélin henti þínu umhverfi og aðstæðum.

### HP Z2 Mini

Lítil og öflug tölva sérhönnuð fyrir þarfir CAD notenda.

Hin byltingarkennda **HP Z2 Mini** er þrátt fyrir stærð sína mjög áreiðanleg og með öflugt vinnsluminni.



Kynntu þér Z vinnustöðvar nánar á www.ok.is/Z

Allar nánari upplýsingar á www.ok.is

Intel, the Intel logo, Xeon, and Xeon Inside are trademarks or registered trademarks of Intel Corporation in the U.S. and/or other countries.

keep reinventing

VERT.IS

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 21. júní 2017

vísir www.visir.is | Viðskiptavefur Vísis @VisirVidskipti


## Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

## Boom and bust

**Ferðamönnum** sem komu til landsins í maí fjölgaði um tæplega átján prósent frá sama mánuði í fyrra.

**Varla** er hægt að gera lítið úr slíkri aukningu, og á yfirborðinu er ekki annað að sjá en að áframhald sé og verði á hinum sívaxandi ferðamannaflaumi til landsins.

**Ef betur er að gáð** er þessi aukning hins vegar nokkru minni en fyrir aðra mánuði ársins. Sömuleiðis er hún talsvert frá spám sem gert hafa ráð fyrir 25 til 30 prósenta fjölgun ferðamanna á árinu. Annað sem vekur eftirtekt er erlend kreditkortavelta sem eykst einungis um sjö prósent í maí, þrátt fyrir umtalsvert meiri heildarfjölgun ferðamanna.

**Er mögulegt** að eilítið sé að hægjast á hinu íslenska ferðamannavori?

**Tölur** um ferðamannafjölda gefa mögulega vísbendingu um slíkt, og tölur um kortaveltu benda til þess að þeir ferðamenn sem hingað koma eyði minna en áður. Þar, eins og svo oft áður í bollaleggingum um íslensk efnahagsmál, er krónan stærsti sökudólgurinn.

**Erlendar ferðaskrifstofur** auglýsa nú ferðir til Íslands á 25 til 40 prósent hærra verði en fyrir ári. Mestur er munurinn í Bretlandi en sterlingspundið er sá stóri gjaldmiðill sem mest hefur gefið eftir gagnvart krónu á tímabilinu.

**Þá er eftir** kostnaðurinn við að dvelja á Íslandi. Hamborgaratilboð á Tommaborgurum í London kostar um 1.400 krónur íslenskar. Sama tilboð á sama veitingahúsi í Reykjavík kostar um 2.600 krónur. Að leigja Airbnb-húsnæði fyrir fjögurra manna fjölskyldu á Akureyri um verslunarmannahelgina kostar um 170 þúsund krónur, en herbergi á Mayfairhótelinu í miðborg Lundúna fyrir sama tímabil kostar um 120 þúsund krónur.

**Er nema** von að ferðamenn haldi fast um budduna þegar hingað er komið. Krónan er orðin hættulega sterk og ef ekki finnst jafnvægi er einsætt að illa fari. Ferðamenn láta ekki bjóða sér okurverðlag til lengri tíma.

**Því miður** virðist þó sem hér ríki einhvers konar samkomulag meðal hagsmunaafla um að gera ekkert í málinu – áfram skal haldið fast í krónuna. Meðan svo er leikum við áfram gamalkunnugt stef.






# B5 skilaði 55 milljóna hagnaði



Skemmtistaðurinn B5 var rekinn með 54,6 milljóna króna hagnaði í fyrra samanborið við 11,4 milljónir árið 2015. Samkvæmt nýjum ársreikningi Bankastrætis 5 ehf. námu rekstrartekjurnar 268 milljónum en 208 milljónum árið á undan. B5 er í eigu Kráarfélagsins ehf. en viðskiptafélagarnir **Andri Sigþórsson** og Þórður Ágústsson, sem einnig reka Hverfisbarinn, eru endanlegir eigendur þess. Greiddu þeir sér 11,5 milljónir króna í arð vegna rekstursins í fyrra en 57 milljónir vegna 2015. Í árslok 2016 átti félagið eignir upp á 66 milljónir en skuldaði ellefu. – **hg**

**15.06.2017**

**Ég held að hugsunin sé svolítið mikið þannig, hvað áttum við að gera fyrir 2007? Það hrun gæti ekki mögulega gerst núna því það er búið að margtryggja kerfið.**

Jón Daníelsson, hagfræðingur við LSE







# ÁSKRIFTIN FYLGIR ÞÉR

Með sjónvarpsáskrift hjá 365 getur þú horft á uppáhaldssjónvarpsefnið þitt, hvar og hvenær sem er – því áskriftin fylgir þér. Þú þarft ekki að missa af neinu, þú getur notið línulegrar dagskrár allra sjónvarpsstöðva, tímaflakks, Frelsis og Stöð 2 Maraþon NOW í snjallsíma, spjaldtölvu, Apple TV og í vafra.




365ASKRIFT.is | 365

# Heimur í höndum skemanns



Ole Anton Bieltvedt
kaupsýslumaður

Ég rakst á orðið skemaður fyrir nokkru, en Halldór Laxness notaði það títt í sínum skrifum, m.a. í Skáldatíma, og meinti hann með því loddari, trúður, blekkingameistari o.þ.h.

Vitaskuld er þetta ekki góð eða kurteisleg nafngift gagnvart þeim, sem hún er notuð um, en í mikilvægri umræðu verður að kalla menn réttum nöfnum.

Það er ekki gleðiefni, en mér fannst skemaður tilvalin nafngift á nýjan Bandaríkjaforseta, Donald Trump.

### Að hella olíu á ófriðarbál

Eftir að Georg W. Bush, Tony Blair og félagar létu til skarar skríða gegn Írak 2003 – á röngum og lognum forsendum – hefur ríkt ófriðar-, átaka- og hryðjuverkaástand í Mið-Austurlöndum. Þau valdakerfi, sem þar voru og voru ekki góð, þó miklu skárri en stjórnleysið, upplausinin og illvirkin, sem fylgdu, fóru í rúst við Íraksstríðið og inngrip Vesturvelda í formi Arabíska vorsins.

Mikil viðleitni hefur verið í gangi um það, að leiðrétta þessi mistök og koma á nýju jafnvægi og friði í Miðausturlöndum. Er þetta hið flóknasta verk, þar sem um trúarbragðaátök Múhameðstrúarmanna, sem aðhyllast mismunandi útfærslur trúarinnar, aðallega sjíta-múslima og súnníta, er að ræða, en mikill ágreiningur, óvild, stundum hatur, ríkir milli þessara trúarflokka.

Þau lönd, sem fara fyrir þessum andstæðu fylkingum eru annars vegar Íran og hins vegar Sádi-Arabía. Bæði þessi ríki byggja í ýmsu á aldagömlum sjónarmiðum og regluverki – annað er klerkaveldi, sem þó er á vissri framfarabraut, hitt einræðiskennt og forneskjulegt konungsveldi, þarsem mannfyrirlitning og grimmd ræður ríkjum.

Það er mikið og flókið verkefni að róa og jafna ágreining og átök þessara aðila, og verður það eingöngu gert með friðsamlegri milligöngu og friðsamlegum samningaumleitunum; Bera verður klæði á vopnin.

Það er því fáránlegur gjörningur hjá Trump, að selja Sádi-Arabíu gífurlegt magn nýrra og áhrifaríkra vopna, eins og hann gerði nú fyrir skemmstu og hreykir sér af. Kyndir hann með þessu undir vopnakapphlaupi og spennu. Að hella olíu á ófriðarbál er varla leiðin til að slökkva það, enda blossa nú upp ný alvarleg átök.

### Glatt á hjalla í helfararsafni

Þegar skemaðurinn heimsótti Yad Vashem helfararsafnið í Ísrael, þar sem minnst er sex milljóna gyðinga, sem myrtir voru í helförinni, skráði hann eftirfarandi í gestabók safnsins: „Það er mér heiður, að vera hér með öllum vinum mínum. Stórkostlegt (so amazing) + ég gleymi þessu ekki.“ Hafi menn borið með sér einhverja von um, að Trump byggi yfir meiri vitsmunum, þroska og dómgreind en ýmsar vísbendingar bentu til, þá dó sú von í Yad Vashem.

Þegar Trump mætti til leiks með félögum sínum í NATO, en talið hefur verið að hér væru nánir og vinir og bandamenn á ferð, vakti mont og yfirlæti hans mikla, en um leið blandna, athygli. Út yfir allan þjófabálk tók þegar skemaður reif í öxl forsætisráðherra Svartfjallalands og svipti honum til hliðar, til að hann kæmist sjálfur í fremstu röð. Var ekki til þess vitað fyrir, að skemaður teldi handalögmál til góðra siða.

Með tilliti til ofangreindra atburða og annarrar vafasamrar framgöngu skemanns, kom það ekki á óvart, að Trump skyldi tilkynna, að Bandaríkin drægju sig út úr Parísarsamkomulaginu til stöðvunar loftslagshlýnunar og verndunar lofthjúps jarðar, sem nær allar aðildarþjóðir Sameinuðu þjóðanna höfðu samþykkt og staðfest 2015.

Trump taldi, að hinn bráðmengandi bandaríski kolaiðnaður væri þýðingarmeiri en velferð komandi kynslóða, enda lægju engar sannanir fyrir um loftslagsbreytingar að hans mati. Hér sannaðist enn einu sinni raunalegt dómgreindarleysi og skammsýni Trumps.

Richard Sennett, þekktur og virtur bandarískur félags- og stjórnmálafræðingur, rithöfundur og prófessor, segir, að það finnist aðeins einn stjórnmálamaður seinni tíma, sem líkja megi Trump við; Mussolini. Ekki leiðum að líkjast fyrir skemann.

# Eiga aldraðir að lifa á 200 þúsundum?



Björgvin Guðmundsson
viðskiptafræðingur

Margir undrast það hvað stjórnvöld tregðast mikið við að veita þeim lægst launuðu meðal aldraðra sómasamleg kjör, þ.e. kjör sem gera eldri borgurum kleift að lifa með reisn á efri árum. Þeir eiga ekki að þurfa að kvíða morgundeginum. Lífeyrir þeirra, sem verst eru settir í dag, er 197 þúsund kr. á mánuði eftir skatt hjá þeim sem eru hjónabandi og 229 þúsund kr. á mánuði hjá einhleypum.

Samkvæmt lögum á lífeyrir að hækka í samræmi við launaþróun en aldrei að hækka minna en vísitala neysluverðs. Alþjóðasamningar segja, að lífeyrir aldraðra eigi að hækka svipað lágmarkslaunum. Eftir þessu hefur ekki verið farið. Árið 2015 urðu gífurlega miklar launahækkanir hér; launaþróun var slík, að eðlilegt var, að lífeyrir hækkaði mjög ríflega. En hvað gerðist þá?

Lífeyrir aldraðra og öryrkja hækkaði um 3% í janúar 2015 og síðan ekkert meira allt árið þrátt fyrir miklar hækkanir flestra stétta. Lágmarkslaun verkafólks hækkuðu í maí um 14,5%. Þá hefði verið eðlilegt, að lífeyrir hækkaði um það sama eða a.m.k. um 11,5%. En það gerðist ekki. Læknar fengu yfir 40% hækkun á þessu ári, fiskvinnslufólk, sem var að byrja, fékk 30% hækkun, og þannig mætti áfram telja.

Loks í janúar 2016 hækkaði lífeyrir á ný, um 9,7%, eftir að hafa verið óbreyttur í 11 mánuði; þá hækkuðu lágmarkslaun á ný svipað og lífeyrir.

Miðað við orðalag laganna er ljóst, að lögin hafa verið brotin á öldruðum og öryrkjum. Lífeyrir hækkaði ekki í samræmi við launaþróun 2015 og lífeyrir hækkaði ekki í samræmi við hækkun lágmarkslauna.

Stjórnvöld hafa ekki hagað sér betur við aldraða á þeim tíma, sem liðinn er síðan. Lífeyrir hækkaði í janúar 2016 og síðan ekkert meira allt árið 2016. En í janúar 2017 tóku gildi ný lög um almannatryggingar, sem höfðu verið meira en 10 ár í undirbúningi. Bötnuðu þá ekki kjör lífeyrisfólks mikið? Nei, öðru nær. Frumvarpið var lagt fram með 0 kr. hækkun fyrir þá lægst launuðu meðal aldraðra og öryrkja! Það tókst að þvinga stjórnvöld til þess að láta aldraða og öryrkja fá örlitla hækkun í janúar 2017 eða þessa: Giftir eldri borgarar og þeir sem voru í sambúð hækkuðu um 12 þúsund á mánuði eða í 197 þúsund á mánuði eftir skatt. Einhleypir eldri borgarar hækkuðu um 22 þúsund kr. á mánuði eða í 229 þúsund á mánuði eftir skatt. Ekki var þetta stórmannlegt hjá fyrrverandi ríkisstjórn. Þetta var alger hungurlús.






Foringinn messar. Patrekur hefur verið að ná mjög eftirtektarverðum árangri í Austurríki. Hann hættir með liðið árið 2020 en hann mun þá hafa stýrt landsliði þjóðarinnar í níu ár. Kynslóðaskiptin í landsliðinu hafa gengið vel og liðið er komið á Evrópumeistaramótið í Króatíu. NORDICPHOTOS/AFP

# Verið með lögfræðing á línunni

**Patrekur Jóhannesson kom ungu og óreyndu liði Austurríkis á EM. Hann er að byggja upp nýtt lið fyrir EM árið 2020. Að koma Austurríki á næsta EM segir Patrekur að sé það sætasta sem hann hefur gert með liðinu.**

**HANDBOLTI** Patrekur Jóhannesson kom landsliði Austurríkis á sitt þriðja stórmót undir hans stjórn um síðustu helgi. Strákarnir hans unnu þá Bosníu, 34-32, í hreinum úrslitaleik um sæti á EM. Frábær árangur hjá Patreki sem er með ungt lið í höndunum og ekki marga atvinnumenn.

„Þetta var frábært. Ég var með fimm leikmenn meidda í þessum leik og tveir gáfu ekki kost á sér af því þeir þurftu að vinna,“ segir Patrekur og hlær dátt.

**Dró gamla kempu á flot**

„Þetta var sérstök staða. Í liðinu hjá mér núna voru menn með samtals 669 landsleiki en þegar ég var á HM í Katar með gamla liðið mitt þá voru landsleikirnir 1.340. Ég spilaði á markverði í seinni hálfleik sem er búinn að spila fimm landsleiki og einn í vörninni á tvo landsleiki. Það gerir þetta enn sætara. Það hjálpaði líka til að ég var með Vytautas Ziura sem er 38 ára. Hann var hættur en ég náði í hann enda sá besti í austurrísku deildinni. Vonandi kemur hann með á EM. Hann sagði að það væri ekki séns en ég vona það.“

> **Menn eru svolítið heimakærir og vilja ekki reyna fyrir sér í öðrum deildum og það stendur þeim fyrir þrifum.**
>
> Patrekur Jóhannesson

**Vann Ísland í Ólafsvík**

Ísland og Austurríki munu ekki mætast á EM þar sem þau eru í sama styrkleikaflokki. Patti er bara ánægður með það.

„Mér finnst ekkert gaman að spila við Ísland. Þeir fóru illa með okkur á EM í Danmörku enda vildu strákarnir ekki tapa fyrir mér. Við spiluðum líka einu sinni við Ísland í Ólafsvík og þá unnum við með níu. Þeir unnu kannski á EM en við unnum í Ólafsvík. Það er eitthvað,“ segir Patti léttur.

**Ekki alltaf allir til í að spila**

Þó svo Dagur Sigurðsson og Patrekur hafi gert frábæra hluti fyrir austurrískan handbolta síðustu tíu ár á íþróttin enn undir högg að sækja þar í landi enda samkeppnin mikil. Það getur stundum pirrað Patrek.

„Það eru ekki alltaf allir til í að spila og það pirraði mig. Slíkt myndi aldrei gerast á Íslandi. Sambandið er samt frábært og umgjörðin í kringum liðið mjög góð og fagmannleg. Menn eru svolítið heimakærir og vilja ekki reyna fyrir sér í öðrum deildum og það stendur þeim fyrir þrifum. Nikola Bilyk er búinn að vera í eitt ár hjá Kiel og framfarirnar hjá honum eru ótrúlegar. Liðið verður að fá fleiri atvinnumenn. Ég hef verið með lögfræðing og lækni á línunni en þarf fleiri atvinnumenn þó svo hitt sé svalt,“ segir Patrekur og vonast enn eftir því að handboltamenningin styrkist í landinu.

„Þetta er fótbolta- og skíðaland. Það kemur vonandi meiri áhugi fyrir handbolta í landinu með góðum árangri. Svo höldum við EM eftir þrjú ár og þá verður vakningin vonandi orðin meiri.“

**Mitt besta með landsliðinu**

Í ljósi þess að Patrekur byrjaði að byggja upp nýtt lið fyrir tveimur árum og var án margra manna um síðustu helgi segir hann að þessi árangur að komast á EM sé einstaklega sætur.

„Ég var mjög stoltur af því að slá Noreg út fyrir HM í Katar. Ég var líka ánægður er við lentum í riðli með Rússum, Serbíu og Bosníu. Það var erfiður riðill og við lentum í öðru sæti. Þetta er samt held ég það besta sem ég hef gert með landsliðinu. Af því það voru svo margir lykilmenn fjarverandi. Þetta var eins og Ísland hefði verið án Arons, Gauja og fleiri,“ segir Patrekur stoltur.

**Þýskaland bíður betri tíma**

Patrekur fékk fyrirspurn á dögunum um hvort hann hefði áhuga á að taka við þjálfarastarfinu hjá þýska úrvalsdeildarliðinu Hannover-Burgdorf sem Rúnar Kárason leikur með. Patrekur gaf það frá sér enda nýbúinn að semja við Selfyssinga.

„Það er alltaf gaman að fá svona fyrirspurnir en ég ætla að standa við minn samning við Selfoss. Ég er ekkert að fara og minn tími í Þýskalandi kemur síðar.“ henry@frettabladid.is

## Nýjast

**Pepsi-deild karla**

**FH - Þór/KA 0-1**
0-1 Karen María Sigurgeirsdóttir (89.).

**ÍBV - Haukar 3-0**
1-0 Cloé Lacasse (14.), 2-0 Clara Sigurðardóttir (28.), 3-0 Linda Björk Brynjarsdóttir (90+4.).

**KR - Valur 0-5**
0-1 Anisa Raquel Guajardo (4.), 0-2 Anisa Raquel (33.), 0-3 Ariana Calderon (39.), 0-4 Ariana (54.), 0-5 Vesna Elísa Smiljkovic (90+3.).

**Grindavík - Breiðablik 0-5**
0-1 Svava Rós Guðmundsdóttir (14.), 0-2 Fanndís Friðriksdóttir (43.), 0-3 Fanndís, víti (45.), 0-4 Svava Rós (79.), 0-5 Berglind Björg Þorvaldsdóttir (90+3.).

**Stjarnan - Fylkir 1-0**
1-0 Agla María Albertsdóttir (21.).

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| Þór/KA | 27 | FH | 12 |
| Breiðablik | 21 | KR | 6 |
| Stjarnan | 19 | Grindavík | 6 |
| ÍBV | 19 | Fylkir | 4 |
| Valur | 18 | Haukar | 1 |

**Kjúllakvöld í Pepsi. Grunnskólabörnin stíga upp og skora 2/3 í Eyjum og Karen M. tryggir mikilvæg stig norður með fyrsta touch.**
Mist Rúnarsdóttir
@MistRunarsdotti

**MIKILL ÁHUGI HJÁ TWENTE** Hollenska úrvalsdeildarliðið Twente hefur mikinn áhuga á að fá Aron Sigurðarson, leikmann Tromsö og íslenska landsliðsins, í sínar raðir. Menn á vegum Twente sáu Aron spila með Tromsö gegn Molde á sunnudaginn og eftir leikinn ræddu þeir við forráðamenn Tromsö. Í norskum miðlum segir Svein-Morten Johansen, íþróttastjóri Tromsö, allt eins eiga von á tilboði frá Twente í sumar.



## Í dag

21.00 Pepsi-mörk kvenna Sport



# Þriðja liðið með fullt hús eftir fyrstu níu

**FÓTBOLTI** Þór/KA er með fullt hús stiga á toppi Pepsi-deildar kvenna eftir fyrri umferðina. Norðanstúlkur hafa unnið alla níu leiki sína í deildinni með markatölunni 22-3. Bryndís Lára Hrafnkelsdóttir, markvörður Þórs/KA, hefur sex sinnum haldið marki sínu hreinu og aðeins fengið á sig eitt mark úr opnum leik.

Toppliðið var ekki upp á sitt besta gegn FH í Kaplakrika í gær en náði samt að kreista fram sigur. Örlagavaldurinn var hin 15 ára Karen María Sigurgeirsdóttir en hún skoraði eina mark leiksins á 89. mínútu, tveimur mínútum eftir að hún kom inn á sem varamaður.

Þetta er í þriðja sinn síðan liðum í efstu kvenna var fjölgað í tíu árið 2008 sem lið er með fullt hús eftir fyrri umferðina. Valur afrekaði það 2008 og Stjarnan 2013. Bæði liðin unnu Íslandsmeistaratitilinn og það verður að teljast ansi líklegt að Þór/KA fylgi í fótspor þeirra og vinni annan Íslandsmeistaratitilinn í sögu félagsins.

Þór/KA er með sex stiga forskot á Breiðablik sem rúllaði yfir Grindavík í gær, 0-5. Svava Rós Guðmundsdóttir og Fanndís Friðriksdóttir skoruðu tvö mörk hvor og Berglind Björg Þorvaldsdóttir komst einnig á blað. Blikar hafa nú unnið tvo góða sigra í röð eftir tapið í Eyjum í 7. umferðinni.

Grindavík hefur hins vegar tapað síðustu sex leikjum sínum og fengið á sig 26 mörk í þeim. Þrátt fyrir þetta martraðargengi eru Grindvíkingar ekki í fallsæti. Grindjánar eru í 8. sæti deildarinnar með sex stig, tveimur stigum frá fallsæti.

Valur vann sinn fimmta leik í röð þegar liðið tók KR í bakaríið, 0-5. Mexíkósku landsliðskonurnar Anisa Raquel Guajardo og Ariana Calderon skoruðu fjögur af fimm mörkum Vals sem er í 5. sæti deildarinnar. Ekkert lið hefur skorað fleiri mörk í Pepsi-deildinni í sumar en Valur (25).



Anna Rakel Pétursdóttir og stöllur í Þór/KA eru á toppnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Harpa Þorsteinsdóttir var í fyrsta sinn í byrjunarliði Stjörnunnar á tímabilinu þegar Garðbæingar unnu 1-0 sigur á Fylki á heimavelli. Agla María Albertsdóttir skoraði eina mark leiksins. Fylkir vann í 1. umferðinni en hefur síðan bara náð í eitt stig af 24 mögulegum. Árbæingar eru í níunda og næstneðsta sæti deildarinnar með fjögur stig.

Botnsætið virðist frátekið fyrir Hauka sem töpuðu 3-0 fyrir ÍBV í gær. Haukar hafa aðeins náð í eitt stig í sumar og það bendir allt til þess að liðið leiki í 1. deildinni á næsta tímabili.

ÍBV hefur verið á frábærri siglingu að undanförnu og unnið fimm af síðustu sex leikjum sínum. Eyjakonur hafa haldið hreinu í öllum fimm sigurleikjunum. Hin sjóðheita Cloé Lacasse kom ÍBV á bragðið en hún hefur skorað fimm mörk í síðustu tveimur leikjum Eyjakvenna. Hin mörkin skoruðu Clara Sigurðardóttir og Linda Björk Brynjarsdóttir sem eru báðar fæddar árið 2002. - iþs











Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**sr. Gísli H. Kolbeins**

Strikinu 10, Garðabæ,

andaðist á Vífilsstöðum laugardaginn 10. júní. Hann verður jarðsunginn frá Háteigskirkju mánudaginn 26. júní, kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Umhyggju, félag langveikra barna.

**Sigríður B. Kolbeins**
**Bjarnþór G. Kolbeins**
**Anna Lára Kolbeins — Halldór Bergmann**
**Ragnheiður G. Kolbeins — Haraldur Stefánsson**
**Halldór Kolbeins**
**Eyþór Ingi G. Kolbeins — Dagný Marinósdóttir**
**barnabörn og langafabörn.**



Sonur okkar, faðir og bróðir,

**Símon Páll Jónsson**

verður kvaddur í Seljakirkju, föstudaginn 23. júní, klukkan 15.00. Kærar þakkir fyrir sýnda samúð og hlýhug. Sérstakar þakkir fær starfsfólk gjörgæsludeildar Landspítalans við Hringbraut og viðbragðsteymi 112. Þeim sem vilja minnast Símonar er bent á sparnaðarreikning fyrir syni hans, reikningur: 0515-14-351090, kennitala: 140901-3180.

**Eygló Magnúsdóttir — Jón Símon Gunnarsson**
**Elvar Máni Símonarson**
**Aron Páll Símonarson**
**Friðborg Jónsdóttir — Pétur Valgarð Pétursson**
**Þorbjörg Jónsdóttir — Stefnir Gunnarsson**
**Gunnar Jónsson — Freyja Þórsdóttir**

## Merkisatburðir

**1926** Prestar landsins færa biskupi að gjöf gullkross með keðju, sem tákn embættisstöðu hans.

**1956** Sigurbjörn Einarsson, 47 ára prófessor í guðfræði, er vígður til biskups yfir Íslandi.

**1966** Mót norrænna lögreglukóra er haldið í Reykjavík. Þennan dag skemmta um 140 lögregluþjónar borgarbúum með söng á tröppum Menntaskólans í Reykjavík.

**1973** Þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum í Öxarfirði er stofnaður.

**1980** Kvikmyndin **Óðal feðranna** er frumsýnd.






Eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**Guðmundur Júlíusson**

frá Hellissandi, kaupmaður,

til heimilis að Laugarásvegi 54, Reykjavík, lést á Landakotsspítala 15. júní sl. Útförin verður auglýst síðar. Við þökkum starfsfólki deildar K-2 á Landakotsspítala fyrir hlýlega umönnun og umhyggju.

**Katrín Stella Briem**
**Friðrik Á. Guðmundsson — Rúna Hauksdóttir Hvannberg**
**Pétur Alan Guðmundsson**
**Snorri Örn Guðmundsson — Lisa Knutsson**
**Rúna Friðriksdóttir — Mattia Pozzi**
**Katrín Stella Briem Friðriksdóttir**
**Maja Snorradóttir**
**Arna Snorradóttir**



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sigrún Einarsdóttir**

Dalbraut 14, Reykjavík,

lést á Landspítalanum Fossvogi sunnudaginn 18. júní sl. Útförin verður auglýst síðar.

**Eiríkur S. Ormsson**
**Einar Hjaltason — Birna Sigurðardóttir**
**Anna Þórhildur Salvarsdóttir — Pétur Hermannsson**
**Gunnar Salvarsson — Ragnheiður Eygló Guðmundsdóttir**
**Sigurður Þór Salvarsson — Guðrún Alda Harðardóttir**
**barnabörn og langömmubörn.**



Bróðir okkar og frændi,

**Aðalsteinn Björgvin Jóhannsson**

Hrísalundi 8f, Akureyri,

lést 19. júní.

**Sigrún Jóhannsdóttir**
**Snjólaug Jóhannsdóttir**
**Áslaug Jóhannsdóttir**
**Bryndís Jóhannsdóttir**
**og frændsystkini.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Kristján Aðalbjörnsson**

Leiðhömrum 28, Reykjavík,

lést á Landspítalanum 19. júní. Útför hans fer fram frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 6. júlí klukkan 15.

**Guðbjörg Eggertsdóttir**
**Eggert Kristjánsson**
**Aðalbjörn Kristjánsson — Ólöf Sigurðardóttir**
**Þórhallur Kristjánsson**
**Jóhann Kristjánsson — Hildur Inga Björnsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðrún Ingibjörg Gestsdóttir**

Skjóli,

lést mánudaginn 12. júní á hjúkrunarheimilinu Skjóli. Útför Ingibjargar fór fram mánudaginn 19. júní í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Örn Sigurgeirsson**
**Sigurgeir Arnarson — Guðrún Sigurjónsdóttir**
**Gestur Arnarson — Anna Guðrún Óskarsdóttir**
**Sveinbjörn Örn Arnarson — Arnheiður Bergsteinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Fjóla Guðbrandsdóttir**

Klukkubergi 11, Hafnarfirði,

lést á heimili sínu þriðjudaginn 6. júní. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**María Björk Ásbjarnardóttir**
**Skarphéðinn Ásbjörnsson**
**Guðbrandur Ægir Ásbjörnsson — Guðbjörg Bjarnadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Innilegar þakkir fyrir samúð, hlýhug og vináttu vegna andláts ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Kristínar Eiðsdóttur**

Dalbæ Dalvík (áður Smáravegi 7).

Kærar þakkir færum við starfsfólki Dalbæjar fyrir góða umönnun og vináttu.

**Hörður Kristgeirsson**
**Herborg Harðardóttir — Már Kristinsson**
**Bjarni Harðarson — Eygló Arnardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ólína Jóhanna Gísladóttir**

andaðist í Brákarhlíð, Borgarnesi, mánudaginn 19. júní. Útför hennar fer fram frá Borgarneskirkju, föstudaginn 23. júní kl. 15. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Minningarsjóð Brákarhlíðar, sjá heimasíðu: www.brakarhlid.is

**Björg H. Kristófersdóttir**
**Gísli Kristófersson — Þóra Ragnarsdóttir**
**Þorgeir Kristófersson — Inga Pétursdóttir**
**Einar Kári Kristófersson — Kolbrún Karlsdóttir**
**ömmu- og langömmubörn.**



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sólveig Pálsdóttir**

áður til heimilis að Skúlagötu 40a, Reykjavík,

lést að Hrafnistu í Reykjavík föstudaginn 16. júní sl. Útförin verður auglýst síðar.

**Páll Jóhannsson — Marta María Stefánsdóttir**
**Jakob Jóhannsson — Eva Kristín Hreinsdóttir**
**Þórir Jóhannsson — Jóna Ingibjörg Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Friðrik J. Jónsson**

frá Kópaskeri, til heimilis að Lindasíðu 4, Akureyri,

lést á hjúkrunarheimilinu Lögmannshlíð þann 12. júní. Útför hans fer fram frá Glerárkirkju á Akureyri, fimmtudaginn 22. júní kl. 13.30.

**Árni V. Friðriksson — Gerður Jónsdóttir**
**Ólafur Friðriksson — Freyja Tryggvadóttir**
**Kristín Helga Friðriksdóttir — Bjarki Hrafn Ólafsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og vinur,

**Einar Ólafur Valdimarsson**

frá Kirkjubæjarklaustri, Álfhólsvegi 22b,

lést 9. júní. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 23. júní klukkan 13.00.

**Jóhanna Sigurðardóttir**
**Valdimar Steinar Einarsson — Margrét Lára Pálsdóttir**
**Steinunn Olga Einarsdóttir**
**Dagný, Einar, Birkir, Karen, Bergrún**
**Gunnar Hávarðarson**



Ástkær eiginmaður minn, sonur, bróðir, mágur, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Jóhann Svavarsson**

frá Patreksfirði,

verður jarðsunginn frá Neskirkju föstudaginn 23. júní kl. 13.00.

**Sigríður Björg Gísladóttir**
**Hulda Pétursdóttir**
**Sigþór Pétur Svavarsson**
**Unnur Berglind Svavarsdóttir — Kjartan Gunnsteinsson**
**Guðrún Dögg Jóhannsdóttir — Arnar Þór Sigurðsson**
**Hulda Lind Jóhannsdóttir**
**Sigríður Arndís Jóhannsdóttir — Ótthar Edvardsson**
**Daði Magnason — Aðalheiður Þorsteinsdóttir**
**Gísli Magna Sigríðarson — Ansgar Bruno Jones**
**barnabörn og barnabarnabörn.**





Listvinafélag Hallgrímskirkju 35. starfsár
Hallgrímskirkja Friends of the Arts Society 35th season

25. afmælisár / 25th anniversary

# Alþjóðlegt orgelsumar í Hallgrímskirkju

## The International Organ Summer in Hallgrímskirkja

21. júní – 20. ágúst 2017 / June 21 – August 20 2017

### Hádegistónleikar á miðvikudögum kl. 12
### Lunchtime concerts on Wednesdays at 12 noon

## Schola cantorum

Schola cantorum is the Hallgrímskirkja multiple prize-winning chamber choir, founded in 1996 by its conductor Hörður Áskelsson. Schola cantorum was awarded the “Performer of the Year 2016” by the Icelandic Music Award in March 2017. Schola cantorum has from the very start played an important role in Icelandic music scene with a repertoire that consists mainly of renaissance, baroque and contemporary music including numerous premier performances by Icelandic composers. The choir gives regularly concerts in Iceland and has given concerts in Norway, Finland, Germany, Italy, Spain, Japan, Switzerland, France and USA. Last April the choir was invited to perform in 5 concerts in the Reykjavik Festival in Walt Disney Hall in Los Angeles, organized by the LA Phil, and received outstanding reviews in world known newspapers like NY Times, LA Times etc.



## Helgartónleikar
### með alþjóðlegum konsertorganistum
### Weekend concerts
**Saturday at 12 noon and Sunday at 5 pm**
**with international concert organists**



| | |
|---|---|
| *24. 6. 12 noon* | Björn Steinar Sólbergsson, |
| *& 25. 6. 5 pm* | Hallgrímskirkja |
| *1. 7. 12 noon* | Sophie-Veronique Cauchefer-Choplin, |
| *& 2. 7. 5 pm* | St. Sulpice, Paris, France |
| *8. 7. 12 noon* | Arno Hartmann, |
| *& 9. 7. 5 pm* | concert organist, Germany |
| *15. 7. 12 noon* | Denis Makhankov & Dina Ikhina, |
| *& 16. 7. 5 pm* | St. Petersburg, Russia |
| *22. 7. 12 noon* | David Cassan, concert organist, |
| *& 23. 7. 5 pm* | Paris, France |
| *29. 7. 12 noon* | Willibald Guggenmos, |
| *& 30. 7. 5 pm* | St. Gallen, Switzerland |
| *5. 8. 12 noon* | Bine Bryndorf, concert organist, |
| *& 6. 8. 5 pm* | Hillerød, Denmark |
| *12. 8. 12 noon* | Thomas Scheehan, |
| *& 13. 8. 5 pm* | Harvard University, USA |
